

Reykjakot, söngbók

1. Á jólnunum er gleði og gaman

Friðrik Guðni

,:, : Á jólnunum er gleði og gaman
 fúm, fúm, fúm :, :
 Þá koma allir krakkar með
 í kringum jólatréð.
 Þá mun ríkja gleði og gaman,
 allir hlæja og syngja saman
 fúm, fúm, fúm!

,:, : Og jólasveinn með sekk á baki
 fúm, fúm, fúm :, :
 Hann gægist inn um gættina
 á góðu krakkana.
 Þá mun ríkja gleði..... o.s.frv.

,:, : Á jólnunum er gleði og gaman
 fúm, fúm, fúm :, :
 Þá klingja allar klukkur við
 og kalla á gleði og frið.
 Þá mun ríkja gleði..... o.s.frv.

2. A og b

A og bé
 spott og spé,
 grísinn galar upp í tré.
 Lítil mús
 til okkar fús,
 kom og byggði hús.

Lamb í baði
 borðar súkkulaði.
 Hundur jarmar,
 galar grísinn hátt.

A og bé
 spott og spé,
 grísinn galar upp í tré.
 Hróp og köll
 um víðan völl
 og þá er sagan öll.

3. Á Sprengisandi

Lag: Íslenskt þjóðlag/Sigvaldi Kaldalóns. Ljóð: Grímur Thomsen

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
 rennur sól á bak við Arnarfell,
 hér á reiki er margur óhreinn andinn,
 úr því fer að skyggja á jökulsvell.
 :/: Drottinn leiði drösulinn minn
 drjúgur verður síðasti áfanginn. :/:

Þei, þei, þei, þei, þaut í holti tófa,
 þurran vill hún blóði væta góm,
 eða líka einhver var að húa
 undarlegum digrum karlaróm.

:/: Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski að smala fé á laun. :/:

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga á Herðubreið.
álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki er gott að verða á hennar leið.
:/: Vænsta klárinn vildi ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil. :/:

4. Að gæta hennar gildir hér og nú

Lag: Atli Heimir / Kvæðið um fuglana. Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Á íslensku má alltaf finna svar
og orða stórt og smátt sem er og var,
og hún á orð sem geyma gleði og sorg
um gamalt líf og nýtt í sveit og borg.

Á vörum okkar verður tungan þjál
þar vex og grær og dafnar okkar mál,
að gæta hennar gildir hér og nú
það gerir enginn nema ég og þú.

5. Aðventusöngur

Spádómskerti.
Við kveikjum einu kerti á.
Hans koma nálgast fer,
sem fyrstu jól í jötu lá
og Jesúbarnið er.

Betlehems kertum.
Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans,
því Drottinn sjálfur soninn þá
sum sendi líking manns.

Hirðakerti.
Við kveikjum þremur kertum á,
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

Englakerti.
Við kveikjum fjórum kertum á.
Brátt kemur gesturinn,
og allar þjóðir þurfa að sjá,
að það er frelsarinn.

6. Agadú

Agadú-dú-dú
Hrista epli niður úr tré
Agadú-dú-dú
Hrista epli ekkert hlé
Vinstri snú, hægri snú
Hoppa upp og niður og styðja hné
Dönsum öll saman nú
Síðan fá sér allir te

7. Allir hafa eitthvað til að ganga á

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

Fíllinn hefur feitar tær,
ljónið hefur loppur tvær,
músin hefur margar smáar,
en ormurinn hefur ansi fáar.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga
krókódíllinn kjaftinn ljóta,
sá er nú klár að láta sig fljóta.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

Á vængjunum fljúga fuglarnir,
á fótunum ganga trúðarnir,
á hnúum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir.

Allir hafa eitthvað til að ganga á.
Teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

8. Amma og draugarnir

Jónas Árnason

Hún amma mín gamla
lá úti í gljúfri.
Dimmt var það gljúfur
og draugalegt mjög.

En amma mín mælti
og útaf hún hallaði sér:
„Ég lét engan svipta mig svefni í nótt;
sama hver draugurinn er.“

Kom þar hún Skotta
með skotthúfu ljóta.
Tönnum hún gnísti,
glotti og hló.

En amma mín mælti ...

Kom þar hann Móri
í mórauðri treyju,
ofan sitt höfuð
af hálsinum tók.

En amma mín mælti ...

Kom þar hann Glámur
með glyrnurnar rauðar.
Kurteislegt ekki
var augnaráð hans.

En amma mín mælti ...

Kom þar einn boli,
kenndur við Þorgeir,
æstur í skapi
og öskraði hátt.

En amma mín mælti ...

Loks kom hann afi
að leita að ömmu.
„Æ, ertu hér,“ sagði hann,
„elskan mín góð“.

En amma mín mælti ...

9. Aníkuní

://Aní-kúní sjá-á-ní://
://Á-á-á begga-na-a-sja-a-na://
://Í-í-já-á-ní bísí-dí://

10. Ást

Lag: Magnús Þór Sigmundsson. Ljóð: Sigurður Nordal

Sólin brennir nóttina,
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag
Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbragð af vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur, ef allt er hljótt.
Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og Guð á himnum að vild.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð,
til að styrkja mig.
Ég fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað,
fyrr en með sjálfri mér.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífiðin, Guð- og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð,
til að styrkja mig.
Ég fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað,
fyrr en með sjálfri mér.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð,
til að styrkja mig.
Ég fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað,

fyrr en með sjálfri mér.

11. Ausulagið

Einn var að smíða ausutetur
annar hjá honum sat
sá þriðji kom og bætti um betur
og boraði á hana gat.
Hann boraði á hana eitt
hann boraði á hana tvö
hann boraði á hana þrjú og fjögur,
fimm og sex og sjö.

12. Ba bú, ba bú

Jón Hlöðver Áskelsson

Ba bú ba bú, brunabíllinn flautar
Hvert er hann að fara
Vatn á eld að sprauta
dss, dss, dss, dss,
gerir alla blauta.

Mjá, mjá, mjá, mjá
mjálmar gráa kisa
Hvert er hún að fara
Út í skóg að ganga
uss, uss, uss, uss,
skógarþröst að fanga.

Bí, bí, bí, bí,
skógarþröstur syngur
Hvert er hann að fara
Burt frá kisu flýgur
uí, uí, uí, uí,
loftin blá hann smýgur.

13. Bangsímon

Höf. óþekk.

Sit ég hér á grænni grein
og geri fátt eitt annað,
en éta hunang borða ber
því bita allt er bannað.

Dropar detta stórir hér
dropar detta, hvað finnst þér?
Dropar detta allt um kring
og dinga linga ling.

Vatnið vex nú ótt og ótt
ég verð að flýja' úr húsum.
Sit ég hér í alla nótt
og borða úr mínum krúsum.

Dropar detta ofaní poll,
dropar detta á minn koll.
Dropar detta allt um kring
og dinga linga ling.

14. Berta bakaríisterta

Óli fór til Bertu bakaríistertu
og bað hana að kyssa sig.
Þá sagði Berta bakaríisterta
ekki nema - þú elskir mig.

Þá sagði Óli, sem alltaf var á hjóli
 ó hvað ég elska þig.
 Þá sagði Berta bakaríisterta
 Þá máttu kyssa mig.

15. Bílalagið

Við setjum svissinn á
 Og við kúplum gírnum frá
 Þá er startað og druslan fer í gang; prrrrr!
 Það er enginn vandi að aka bifreið
 Ef þú bara kemur druslunni í gang; prrrrr!

16. Bíum, bíum, bambaló

Írskt þjóðlag. Ljóð: Jónas Árnason.

Bíum, bíum, bambaló,
 bambaló og dilli-dilli-dó.
 Vini mínum vagga ég í ró,
 en úti bíður andlit á glugga.

Þegar fjöllin fimbulhá
 fylla brjóst þitt heitri þrá,
 leika skal ég langspil á;
 það mun þinn hugann hugga.

Þegar veður geisa grimm,
 grúfir yfir hríðin dimm,
 kveiki ég á kertum fimm,
 burt flæmi skammdegisskugga.

Ef þér sultur sverfur að,
 sauðakjöt ég hegg í spað,
 fljótt svo standi full með það
 tunna hver, dallur og dugga.

Ef þig langar eitthvert sinn
 ögn að smakka góðfiskinn,
 fram ég sendi flotann minn:
 skínandi skútur og kugga.

Hjá mér bæði hlíf og skjól
 hafa skaltu, ef illskufól
 flærðir með um foldarból
 læðast og launráð brugga.

17. Bjart er yfir Betlehem

Enskt lag. Ljóð: Ingólfur Jónsson frá Prestbakka

Bjart er yfir Betlehem,
 blikar jólastjarna.
 Stjarnan mín og stjarnan þín
 stjarnan allra barna.
 Var hún áður vitringum
 vegaljósið skæra.
 Barn í jötu borið var,
 barnið ljúfa, kæra.

Víða höfðu vitringar
 vegi kannað hljóðir.
 Fundið sínum ferðum á
 fjöldamargar þjóðir.
 Barst þeim allt frá Betlehem
 birtan undurskæra.

Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa, kæra.

Barni gjafir gáfu þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarnan allra barna.

18. Bolludagur

höf.ókunn.

Á bolludegi fer ég
með bolluvönd á kreik.
Mér alltaf þykir gaman
að iðka þennan leik.
Ég bolla og bolla
á bossann á þér fast ég slæ
bolla og bolla og bollu í laun ég fæ.
Já bragðgóðar eru bollurnar, bollurnar, bollurnar,
já bragðgóðar eru bollurnar, húllum hæ.

(Lag:Við erum söngvasveinar)

19. Bráðum fæðast lítil lömb

(Lag: Fyrir var oft í koti kátt).

Bráðum fæðast lítil lömb
leika sér og hoppa.
Með lítinn munn og litla vömb
lambagrasið kroppa.
Við skulum koma og klappa þeim
kvölds og bjartar nætur,
reka þau í húsin heim
hvít með gula fætur.

Fuglarnir sem flýðu í haust,
fara að koma bráðum.
Syngja þeir með sætri raust
sveifla vængjum báðum.
Við skulum hlæja og heilsa þeim
hjartans glöð og fegin,
þegar þeir koma þreyttir heim
þúsund mílna veginn.

20. Bráðum koma blessuð jólin

Lag: W.B.Bradbury. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Bráðum koma blessuð jólin,
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn
vandi er um slíkt að spá.
Eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.

21. Broslagið

Það er ókeypis að b r o s a
Það er ókeypis að b r o s a
Það er ókeypis að b r o s a

að b r o s a - B R O S A

22. Ding - dong

höf. ókunnur

Ding,dong - Froskurinn blikkar augunum
 Um,eh - Eðlan rekur út úr sér tunguna
 King,kong - Apinn slær á brjóst sér
 Mjá,mjá - Kisan mjálmar
 Blúbb,blúbb - Fiskurinn opnar munninn

Ding,dong sagði lítill grænn froskur einn dag
 Ding,dong sagði lítill grænn froskur
 Ding,dong sagði lítill grænn froskur einn dag
 Og svo líka ding,dong,dongi,dongi,dongi,
 dongi,dong.

Uhm,eh, sagði lítil græn eðla einn dag
 Uhm,eh, sagði lítil græn eðla
 Uhm,eh, sagði lítil græn eðla einn dag
 og svo líka uhm,eh,ull,ull,ull,ull,ull.

King kong sagði stór svartur api einn dag
 King kong sagði stór svartur api
 King kong sagði stór svartur api einn dag
 og svo líka king kong,kone,konge,konge,
 konge,kong.

Mjá,mjá sagði lítil grá kisa einn dag
 Mjá,mjá sagði lítil grá kisa
 Mjá,mjá sagði lítil grá kisa einn dag
 og svo líka mjá,mjá - mjá

Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag
 Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag
 Blúbb,blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag
 og svo líka blúbb, blúbb, blúbb, blúbb,
 blúbb.....

23. Dómar heimsins

Lag: Valgeir Guðjónsson. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

:// Dómar heimsins dóttir góð ://
 //: munu reynast margvíslegir. ://

:// Glímdu sjálf við sannleikann
 //: hvað sem hver segir.://

:// Gakktu einatt eigin slóð ://
 //: háilir eru hversmannsvegir. ://

:// Skeyttu ekki um boð né bann ://
 //: hvað sem hver segir.://

:// Inn í brjóst þitt ein og hljóð ://
 //: rýndu fast ef röddin þegir.://

://Treystu á þinn innri mann
 //: hvað sem hver segir.://

24. Dúkkan hennar Dóru

Dúkkan hennar Dóru var með sótt, sótt, sótt.
 Hún hringdi og sagði lækni að koma fljótt, fljótt, fljótt.
 Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt.

Hann bankaði á hurðina rattdadadaa.

Hann skoðað dúkku og hristi sinn haus.
Hún strax skal í rúmið og ekkert raus.
Hann skrifaði niður hvaða pillu skildi fá.
Ég kem á morgun ef hún er enn veik þá.

25. Dýravísur

Íslenskt þjóðlag

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá
vísu, gamli Jarpur.
Aldrei hefur fallið frá
frækilegri garpur.

Þá var taða, þá var skjól
þá var fjör og yndi.
Þá var æska, þá var sól
þá var glatt í lyndi.

Gefðu ungum gæðingum
græna tuggu á morgnunum.
Launa þeir með léttfærum
lipru, sterku fótunum.

Taktu eftur tittlingum,
trítla þeir á klakanum.
Metta þá af molunum,
mað'r af ríku borðunum.

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

26. Ef sérðu krókódíl

lag: Jörgen Sörensen. ljóð: höf. óþ.

Ef sérðu krókódíl í þínu baðkeri,
vertu ekki við hann hrædd,nei/hræddur, sýndu hugrekki
og bjóddu honum inn í stofu
þar að snæðingi.

Ef situr stærðar górilla í geymslunni,
skaltu taka því með ró, þú veist af reynslunni
að ef hún fær tvo banana
hún sýnir kurteisi.

Ef liggur stærðar ljón á þínu skrifborði,
skaltu ekki kalla á mömmu þína í ofboði,
heldur klappa því á bakið
svo það steinsofni.

27. Ef þig langar

Lag: B. Ahlfors. Þýðing: Heimir Pálsson

Ef þig langar að syngja þinn söng,
er söngvastundin að renna upp núna.
Enginn syngur þann söng í þinn stað.
Á morgun er orðið til söngs of seint,

við syrgjum þau ljóð sem í þögnina dóu.
Svo settu nú ekki þinn söng á frest,
heldur syngdu hann nú! Það er best.

Ef þú, vinur, átt örlitla ást
er ástarstundin að renna upp núna
og enginn mun elska í þinn stað.
Að elska á morgun er allt of seint
og ónýt hver löngun sem fékk ekki að rætast.
Svo sláðu því ást þinni ekki á frest
heldur elskaðu nú! Það er best.

Ef þig langar að njóta þíns lífs
eru lífsins stundir að renna upp núna.
Enginn lifir því lífi í þinn stað.
Að lifa á morgun er löngu of seint,
menn láta sér fátt þótt þú ætlir og viljir.
Svo láttu ekki slá þínu lífi á frest
heldur lifðu því nú! Það er best.

28. Ef þú ert súr

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Ef þú ert súr, vertu þá sætur.
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað,
geta í hláturböndin tosað,
geta hoppað, hlegið, sungið endalaust.

Ef þú ert fýldur, þá líkistu apa,
eða krókódíl sem er of fúll til að gapa.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

Ef þú ert illur, þá líkistu nauti
eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta...

29. Ef þú giftist mér

Ég skal kaupa þér kökusnúð
með kardimommum og sykurlúð,
ef þú giftist, ef þú bara giftist
ef þú giftist mér.

Ég skal gefa þér gull í tá
og góða skó til að ganga á,
ef þú giftist, ef þú bara giftist,
ef þú giftist mér.

Ég skal elska þig æ svo heitt,
að aldrei við þurfum að kynda neitt,
ef þú giftist, ef þú bara giftist
ef þú giftist mér.

Ég skal syngja þér ljúflingslög,
og leika undir á stóra sög,

ef þú giftist, ef þú bara giftist
ef þú giftist mér.

Ég skal fela þig fylgsnum í,
svo finni þig ekkert pólití,
ef þú giftist, ef þú bara giftist
ef þú giftist mér.

30. Ég er kominn heim

Lag: S. Hamble. Ljóð: Loftur Guðmundsson

Hér stóð bær með burstir fjórar
hér stóð bær á lágum hól.
Hér stóð bær, sem bernskuminning
vefur bjarma af morgunsól.

Hér stóð bær með blóm á þekju,
hér stóð bær með veðruð þil.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó.
Kominn heim að heilsa mömmu,
kominn heim í leit að ró.
Kominn heim til að hlusta á lækinn
sem hjalar við mosató.
Ég er komin heim í heiðardalinn.
Ég er komin heim með slitna skó.

Hér stóð bær sem hríðin barði,
hér stóð bær sem veitti skjól.
Hér stóð bær sem pabbi byggði
undir brekku á lágum hól.

Hér stóð bær sem blíðust móðir
vígði bæn og kærleiksyl.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er komin heim ...

31. Ég er snigill

Lag og text: Anna Pálína og Aðalsteinn Ásberg

Ég er snigill og sniglast áfram
sniðugur er ég og klár
en ég hef enga fætur
já, hugsaðu þér
það hentar mér vel
því aldrei ég er
::fúllyndur og fótasár::

En stundum verð ég alveg ær
og hugsa: Ef ég hefði bara tær,
þá gæti ég hlaupið
og gott yrði það
mér gengi svo vel
að komast af stað
::þótt tærnar væru bara tvær::

En snigill er bara snigill
þó snjall sé hann bæði og fús
hann verður að burðast á bakinu með
::sitt brothætta litla hús::

Augun mín á stilkum standa
 og ég stari allt um kring
 ég fer niður brékku
 og fer upp á hól
 þar sem fíflarnir brosa
 við skínandi sól.
 ::Og ég horfi alveg heilan hring::

En snigill er bara.....

32. Ég heyri svo vel

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símónarson

Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa,
 ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa,
 ég heyri svo vel, ég heyri orminn mjóa,
 heyri hárið vaxa,
 heyri neglurnar lengjast,
 heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, allt færast nær þér,
 þú finnur það vel, þú kemur nær mér,
 þú finnur það vel, allt fæðist í þér,
 andlitin lifna
 og húsin dansa
 og vindurinn hlær.

33. Ég sá mömmu kyssa jólasvein

Lag og ljóð T.Connor/Þýðing Hinrik Bjarnason

Ég sá mömmu kyssa jólasvein
 við jólatréð í stofunni í gær.
 Ég læddist létt á ták til að líta gjafir á,
 hún hélt ég væri steinsofandi
 Stínu dúkku hjá.
 Og ég sá mömmu kitla jólasvein
 og jólasveinninn út um skeggið hlær.
 Ja, sá hefði hlegið með,
 hann faðir minn hefði hann séð
 mömmu kyssa jólasvein í gær.

34. Ein sit ég og sauma

Höf. ókunnur

Ein sit ég og sauma
 inní litlu húsi.
 Enginn kemur að sjá mig
 nema litla músin.
 Hoppaðu upp og lokaðu augunum.
 Bentu í austur,
 bentu í vestur.
 Bentu á ,þann sem að
 þér þykir bestur.

35. Ein stutt - ein löng

Danskt lag. Textahöf. ókunnur

Ein stutt, ein löng,
 hringur á stöng
 og flokkur sem spilaði og söng.

Penni og gat og fata sem lak.
 Fata sem lak og penni og gat
 Ein stutt, ein löng...

Lítill og mjór og feitur og stór.
 Feitur og stór og lítill og mjór.
 Ein stutt, ein löng...

Köttur og mús og sætt lítið hús.
 Sætt lítið hús og köttur og mús.
 Ein stutt, ein löng...

36. Fatavísur

Höfundur ókunnur

Sumarfötin, sumarfötin
 setjum inn í skáp.
 Geymum þau í vetur
 og klæðum okkur betur.
 sumarfötin, sumarfötin
 setjum inn í skáp.

Þykku fötin, þykku fötin
 þykja best í snjó.
 Þegar út við þjótum
 og karl úr snjó við mótum.
 Þykku fötin, þykku fötin
 þykja best í snjó.

Pollafötin, pollafötin
 puðumst við nú í.
 Úti regnið bylur
 stétt og steina hylur
 Pollafötin, pollafötin
 puðumst við nú í.

37. Ferskeytlur

Íslenskt þjóðlag

Afi minn fór á honum Rauð
 eitthvað suður í bæi.
 Sækja bæði sykur og brauð
 sitt af hvoru tagi.

Afi minn og amma mín
 úti á Bakka búa.
 Þau eru bæði sæt og fín
 þangað vil ég fljúga.

Fljúga hvítu fiðrildin
 fyrir utan glugga;
 þarna siglir einhver inn
 ofurlítill dugga.

Sigga litla systir mín
 situr út í götu
 er að mjólka ána sín
 í ofurlitla fötu.

Fuglinn segir bí, bí ,bí
 bí, bí segir Stína.
 Kveldúlfur er kominn í
 kerlinguna mína.

Kristín litla, komdu hér
 með kalda fingur þína.
 Ég skal bráðum bjóða þér
 báða lófa mína.

Klappa saman lófunum
reka féð úr móunum
vinna sér inn bita
láta ekki hann þabba víta.

Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera.
Hún skal seinna á mannamót
mig í söðli bera.

Tunglið, tunglið taktu mig,
og berðu mig upp til skýja.
Þar situr hún móðir mín
og syngur lofgerð nýja.

Klappa saman lófunum,
reka féð úr móunum,
rölta á eftir tófunum,
tína egg úr spóunum

Nú er úti veður vont
verður allt að klessu.
Ekki fær hann Grímur gott
að gifta sig í þessu.

Rúnki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hann lét klárinn brokka.

38. Fimm litlir apar

Lag: Tíu grænar flöskur

Fimm litlir apar sátu uppí tré
þeir voru að stríða krókódíl
þú nærð ekki mér.
Þá kom hann herra krókódíll
hægt og rólega
og búmm
fjórir litlir apar sátu uppí tré...
En maginn á herra krókódíl var orðinn svona stór.

39. Fimm mínútur í jól

Lag: R.Miller. Ljóð: M.P.Ó.

Er það brúða eða bíll -
bók eða lest?
Þekkir einhver hér
þennan jólagest,
sem læðist um með sekk
- lætur oní skó -
meðan lítil börnin
sofa vært í ró.

Hvíldu höfuð hljótt.
Hlustaðu, það kemur senn jólanótt.
Úti er snjór - úti er kalt -
úti hljóma jólabjöllur yfir allt.

40. Fingranöfnin

Fingranöfnin

Þumalfingur er mamma sem var mér vænst og best,
vísifingur er pabbi sem gaf mér rauðan hest,

langatöng er bróðir sem býr til falleg gull,
 baugfingur er systir sem þrjónar sokka úr ull,
 litlifingur er barnið sem leikur að skel,
 litli þínu anginn sem stækkar svo vel,
 hér er allt fólkið svo fallegt og nett,
 fimm eru í bænum ef talið er rétt.
 Ósköp væri gaman í þessum heim,
 ef öllum kæmi saman jafn vel og þeim.

41. Fingurnir

Þumalfingur, þumalfingur, hvar ert þú?
 Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Vísifingur, vísifingur, hvar ert þú?
 Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Langatöng, langatöng, hvar ert þú?
 Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Baugfingur, baugfingur, hvar ert þú?
 Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

Litli fingur, litli fingur, hvar ert þú?
 Hér er ég, hér er ég, góðan daginn, daginn, daginn.

42. Fiskalagið

Höf. óþekkt.

Hafið þið heyrt söguna
 um fiskana tvo.
 Sem ævi sína enduðu
 í netinu svo.

Þeir syntu og syntu
 og syntu um allt
 en mamma þeirra sagði
 vatnið er kalt.

Viðlag:
 Ba ba búbú ba ba bú
 Ba ba búbú ba ba bú

Þeir syntu og syntu
 og syntu um allt
 en mamma þeirra sagði vatnið er kalt

Annar hét Gunnar
 en hinn hét Geir.
 Þeir voru þínulitlir báðir tveir.

Þeir syntu og syntu
 og syntu um allt
 en mamma þeirra sagði
 vatnið er kalt.

Viðlag:.....

43. Folaldið mitt...

Lag: Johnny Marks. Ljóð: Hinrik Bjarnason

Folaldið mitt, hann Fákur,
 fæddur var með hvítan höf,
 og er hann áfram sentist
 öll varð gatan reykjarkóf.

Hestarnir allir hinir
hæddu Fák og settu hjá.
Í stað þess að stökkva í leikinn
stóð hann kyrr og horfði á.

Milli élja á jólakvöld
jólasveinninn kom:
"Fæ ég þig nú, fákurinn,
fyrir stóra sleðann minn?"
Þá urðu klárar kátir,
kölluðu í einni hjörð:
"Fákur með fótinn hvíta
frægur er um alla jörð."

44. Fram, fram fylking

Lag: Þjóðlag. Ljóð: Ari Jónsson frá Pverá

Fram, fram fylking,
forðum okkur háska frá,
því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú hug,
djörfung og dug.
Vaki, vaki vaskir menn,
því voða ber að höndum.
Sá er okkar síðast fer
sveipast hörðum böndum.

45. Framtíð bjarta

Texti: Sindri Birgisson. Lag: Otto Mortensen

Okkar er kjarkurinn og kurteisinn
frábær sál og fegurðin
Stórkostlegir einstaklingar
Svakalegir snillingar
Við æfum okkur allan daginn
svo okkur gangi allt í haginn
því æfingin skapar meistaran
er stolt/ur af öllu sem ég kann

Þú ert þú og ég er ég
Saman göngum lífsins veg
Hjálpumst að ef bjátar á
vonum og þrám við skulum ná
Brosandi er andi minn
Með opnum örmum gleði finn
Hamingjusöm hjörtu
fagna framtíðinni björtu

46. Frost er úti fuglinn minn

Höf. óþekk.

Frost er úti fuglinn minn,
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt,
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik,
ég ætla' að flýta mér.
Og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

47. Furðuverk

Ég á augu, ég á eyru,
ég á lítið skrýtið nef,
ég á augabrúnir, augnalok
sem lokast þegar ég sef,

ég á kinnar og varir rauðar
og á höfði hef ég hár
eina tungu og tvö lungu
og lengst inni hef ég sál.

Því ég er furðuverk
algjört furðuverk
sem að guð bjó til.
(lítið samt ég skil)

Ég á tennur og blóð sem rennur
og hjarta sem að slær
tvær hendur og tvo fætur
tíu fingur og tíu tær
ég get gengið, ég get hlaupið
ég kann að tala mannamál
ég á bakhlið, ég á framhlið
og heila sem er klár.

Í heilanum spurningum
ég velti fyrir mér
og stundum koma svörin
svona eins og af sjálfu sér
en samt er margt svo skrítið
sem ég ekki skil
en það gerir ósköp lítið til
því mér finnst gaman að vera til.

48. Fylgd

Guðmundur Böðvarsson

Komdu, litli ljúfur,
labbi, pabba stúfur,
látum draumsins dúfur
dvelja inni um sinn.
Heiður er himinninn.
Blærinn faðmar bæinn,
býður út í daginn.
Komdu, kalli minn.

Göngum upp með ánni
inn hjá mosaflánni,
fram með gljúfragjánni
gegnum móans lyng,
heyrirðu hvað ég syng.
Líkt og lambamóðir
leiti á fornar slóðir
innst í hlíðarhring.

Héðan sérðu hafið
hvítum ljóma vafið,
það á geymt og grafið
gull og perluskel,
ef þú veiðir vel.
En frammi á fjöllum háum
fjarri sævi bláum
sefur gamalt sel.

Glitrar grund og vangur,
glóir sund og drangur.
Litli ferðalangur
láttu vakna nú
þína tryggð og trú.
Lind í lautu streymir,
lyng á heiði dreymir,

þetta land átt þú.

Hér bjó afi og amma
eins og pabbi og mamma.
Eina ævi og skamma
eignast hver um sig,
stundum þröngan stig.
En þú átt að muna
alla tilveruna,
að þetta land á þig.

Ef að illar vættir
inn um myrkragættir
bjóða svikasættir
svo sem löngum ber
við í heimi hér,
þá er ei þörf að velja,
þú mátt aldrei selja
það úr hendi þér.

Göngum langar leiðir,
landið faðminn breiðir.
Allar götur greiðir
gamla landið mitt,
sýnir hjarta sitt.
Mundu, mömmu ljúfur,
mundu, pabba stúfur,
að þetta er landið þitt.

49. Fyrr var oft í koti kátt

Fyrr var oft í koti kátt
krakkar léku saman.
Þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman.
Úti' um stéttar urðu þar
einatt skrýtnar sögur
þegar safnast saman var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til að kankast eitthvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,
Hlíðar brekkum undir,
er svo margt að minnast á
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.

50. Fyrst á réttunni - svo á röngunni

Danslýsing: Dansinn er dansaður þrisvar sinnum.
Fyrst eru hreyfingar eðlilegar,
síðan mjög stórar (fílahreyfingar)
og að lokum mjög litlar (músahreyfingar)

Fyrst á réttunni (hnefum snúið réttisælis)
 svo á röngunni (hnefum snúið rangsælis)
 tjú,tjú (Olnbogum ýtt aftur á bak)
 tra,la,la (öðrum hnefanum neglt ofan á hinn)

Leiðast í hring og gengið áfram réttisælis

51. Fönn, fönn, fönn

Stuðmenn

Hvað er það sem fellur svona af himnum ofan,
 látt' ekki eins '(og) þú vitir ekki hvað það er.
 Hvað er það sem hylur litla fjallakofa,
 ekta íslensk fönn.

Hvað er það sem litlu blómin blunda undir,
 ég hef bar' ekki grænan grun um hvað það er.
 Hvað er það sem fýkur yfir hæð og grundir,
 ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 ekta íslensk fönn.

Hvað er það sem safnast upp í háa skafra,
 æ, hættu elsku best' að gera gys að mér.
 Hvað er það sem börnin vaða upp að nafla,
 ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 ekta íslensk fönn.

Fönnin, fellur, af himnum oná jörð.
 Fönnin, fellur, af himnum oná jörð.

Hvað er það sem minnir mig á jólasveina,
 hvað er það sem veldur góðum geðbrigðum.
 Það er þetta eina sanna hvíta hreina,
 ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Ekta íslensk fönn.

Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Fönn, fönn, fönn, fönn, íslensk fönn.
 Ekta íslensk fönn.

52. Gekk ég yfir sjó og land

Höf. óþekkt.

Gekk ég yfir sjó og land,
 hitti þar einn gamlan mann
 spurði svo og sagði svo
 hvar áttu heima?

Ég á heima á Klapplandi,
 Klapplandi, Klapplandi.

Ég á heima á Klapplandi
Klapplandinu góða.

Ég á heima á Sapplandi....

53. Gilligill

Bragi Valdimar Skúlason

Ef þér leiðist litli vin
ef lyppast niður munnvikin
-ég ráð við slíkri reginhneysu kann.

Þú teygir fima fingur út
og finnur þér svo mallakút
af öllum þínum kröftum kitlar hann.
Í algera klessu kitlarðu hann.

Gilligill, gilli, gilli, gilli, gilligill, gilli, gilli gilli
kitlaðu mömmu í köku og spað
og kitlaðu pabba þegar hann fer í bað
Gilligill, gilli, gilli, gilli, gilligill
Kitlaðu hana og kitlaðu hann
kitlaðu svo einhvern ókunnugann.

Ef þú kemur auga á tær
og enginn er að kitla þær
þá króaðu þær kirfilega af.
Og mundu ef þú megnar ei
meir að kvelja þessi grey,
að forsjónin þér fingurgóma gaf
svo kitlaðu þær í bólakaf

Gilligill, gilli, gilli, gilli, gilligill, gilli, gilli gilli
kitlaðu kisu, og kitlaðu mig
og kitlaðu síðan sjálfan þig

Gilligill, gilli, gilli, gilli, gilligill
kitlaðu ömmu og afa smá
og bréfberann þegar hann laumast hjá

Gilligill, gilli, gilli, gilli, gilligill
kitlaðu blómið í eldhúsinu
og geðvonda karlinn í sjónvarpinu

Gilligill, gilli, gilli, gilli, gilligill
kitlaðu fólkið úti í búð
og afgreiðslumanninn svo hann gefi þér snúð

Gilligill!

54. Góðan daginn

Lag og texti: Konrad Rohr. þýð. Elfa Lilja Gísladóttir

Góðan daginn, Bona Ziva,
Guten tag, já, Ni-Hao.
Buon giorno, good morning
Buenos dias, bonjour

(ath. það er auðvelt að skipta út línunum eftir tungumálum barnanna í hópnum.)

55. Gráðug kelling og svangur kall

Lag og ljóð: Þorkell Sigurbjörnsson

Gráðug kelling hitaði sér velling
og borðaði (namm, namm, namm)
síðan sjálf (jamm, jamm, jamm)
af honum heilan helling.

Svangur kallinn varð alveg dolfallinn
og starði svo (sko, sko, sko)
heilan dag (o, ho, ho)
ofan í tóman dallinn.

56. Grýlukvæði

Lag og ljóð: Hrekkjusvín

Nú er hún Grýla dauð.
Hún gafst upp á að róla sér á róluvöllunum.
Það vildi enginn gefa henni brauð
og hún fékk engan frið fyrir öskuköllunum.

Sem tæma allar öskutunnur
svo tómur er Grýlumunnur
sem tæma allar öskutunnur
svo Grýla fær ekki neitt.

Á endanum hún tók til bragðs að róla endalaust
hærra og meira en nokkur annar má.
Og þegar hún var komin ofsa ofsa hraða á
þá sleppti hún taki og flaug um loftin blá.

Grýla hún lenti upp í Esju
og núna er hún bara til í barnabókunum.
Líka í leiðurum blaða
til að hræða fólk frá hærri og meiri kaupkröfum.

Grýla gamla er steindauð
og Leppalúði líka.
Krakkar og öskukallar
ráku þau á braut.

Á endanum hún tók til bragðs að róla endalaust
hærra og meira en nokkur annar má.
Og þegar hún var komin ofsa ofsa hraða á
þá sleppti hún taki og flaug um loftin blá.

57. Grænmetisvísur

Lag: Thorbjörn Egner. Þýð: Kristján frá Djúpalæk

Þeir sem bara borða kjöt
og bjúgu alla daga
þeir feitir verða og flón af því
og fá svo illt í maga.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið, steinseljuna,
krækiber og kartöflur
og kálblöð og hrámeti
Þá fá allir nettan maga
menn þá verða alla daga
eins og lömbin ung í haga
laus við slen og leti.

Sá sem fá vill fisk og kjöt
hann frændur sína étur
og maginn sýkist molnar tönn
og melt hann ekki getur.
En gott er að borða gulrótina,
grófa brauðið steinseljuna,

krækiber og kartöflur
og kálblöð og tómata.
Hann verður sáll og viðmótsljúfur,
vinamargur, heilladrjúgur
og fær heilar, hvítar tennur
heisu má ei glata.

58. Gull og perlur

sænskt þjóðlag (wem kan segla forutan vind)

Gulli og perlum að safna sér
sumir endalaust reyna
vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina,
en viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

59. Guttavísur

Sögu vil ég segja stutta
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
Óþekkur er ætíð anginn sá,
út um bæinn stekkur hann og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá,
eða gegnir pabba sínum. Nei, nei það er frá.
Allan daginn, út um bæinn
eilíf heyrast köll í þeim:
Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,
Gutti komdu heim.

Andlitið er á þeim stutta
oft sem rennblautt moldarflag.
Mædd er orðin mamma hans Gutta,
mælir oft á dag:
Hvað varst þú að gera, Gutti minn?
Geturðu aldrei skammast þín að koma svona inn?
Réttast væri að flengja ræfilinn.
Reifstu svona buxurnar og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur! En sú mæða að eiga svona börn.

Gutti aldrei gegnir þessu,
grettir sig og bara hlær,
orðinn nærri að einni klessu
undir bíl í gær.
O'n af háum vegg í dag hann datt.
Drottinn minn! Og stutta nefið það varð alveg flatt
eins og pönnukaka. Er það satt?
Ó, já, því er ver og miður, þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefið snúið, nú má hafa það á tröll.
Nú er kvæðið næstum búíð,
nú er sagan öll.

60. Göngulagið

Lag og ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

Þótt gangan sé erfið og leiðin sé löng

við léttum oss sporið með þessum söng.
Ef þung reynist byrgðin og brekkan er há:
Brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hrið og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís.
Brosum, þá er sigur vís.

Enginn er verri þótt vökni í gegn
og vitaskuld fáum við steypiregn.
Við látum ei armæðu á okkur fá,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hrið ..

61. Göngum við í kringum...

Göngum við í kringum einiberjarunn,
einiberjarunn, einiberjarunn.
Göngum við í kringum einiberjarunn,
snemma á mánudagsmorgni.
Svona gerum við er við þvolum okkar þvott,
þvolum okkar þvott, þvolum okkar þvott,
svona gerum við þegar við þvolum okkar þvott,
snemma á mánudagsmorgni.

Þriðjud: Vindum okkar þvott
Miðvikud: Hengjum okkar þvott
Fimmtud: Teygjum okkar þvott
Föstud: Straujum okkar þvott
Laugard: Skúrum okkar gólf
Sunnud, snemma: Greiðum okkar hár
Sunnud, seint: Göngum kirkjugólf

62. Hafið, bláa hafið

Hafið bláa hafið, hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æskudrauma lönd.
Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Svífðu seglum þöndum,
svífðu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.

63. Halli sem valt

óþekktur

Halli

Haldið ekki hann Halli komi á Grúfunni
á heljarstökki fram af einni þúfunni.
Hann fór það bara fínt,
hann hélt hann hefði týnt,
gleraugunum, höfðinu eða húfunni,
gleraugunum, höfðinu eða húfunni,

64. Hátíð fer að höndum ein

Texti: Jóhannes úr Kötlum. Lag: íslenskt þjóðlag

Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,

líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Gerast mun nú brautin bein,
bjart í geiminum víðum,
ljómandi kerti' á lágri grein
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Sæl mun dilla silkirein
syninum undurfríðum,
leið ei verður þá lundin nein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Stjarnan á sinn augastein
anda mun geislum blíðum,
loga fyrir hinn litla svein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Heimsins þagna harmakvein,
hörðum er linnir stríðum,
læknast og þá hin leyndu mein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

65. Haustvísa

Hvert er horfið laufið
sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji
verð ég engu nær.
Blöðingrænu hafa visnað,
orðin gul og rauð.
ef ég horfi miklu lengur
verður hríslan auð.

Nú er ís á vatni
sem var autt í gær.
Yfir landið hélugráum
ljóma slær.
Ég brýt heilan um það - segðu mér
hvað heldur þú?
Kemur haustið fyrst á morgun?
Er það komið nú?

66. Heims um ból

Sveinbjörn Egilsson

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mær son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:: meinvill í myrkrunum lá ::

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:: konungur lífs vors og ljóss ::

Heyra má himnum í frá
englasöng: "Allelújá".
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:, : samastað syninum hjá :, :

67. Hér búálfur á bænum er

Pýskt þjóðlag. Þýð: Hildigunnur Halldórsdóttir

Hér búálfur á bænum er
á bjálkalofti í dimmunni.
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu.
Hann stappar fótum, hoppar hátt
og haframjölið étur hrátt.
Hér búálfur á bænum er á bjálkaloftinu

68. Hér kemur Lillimann

Lag: Thorbjörn Egner. Þýð: Kristján frá Djúpálæk

Hér kemur Lillimann klifurmús
sem kæti ber inn í sérhvert hús,
en regluleg söngva og músíkmús,
og meistaragítarsláttumús.
Trallalalalala trallalalalala
trallalalalalalala-la-la-la!

69. Hin fyrstu jól

Lag: Ingibjörg Þorbergs. Ljóð: Kristján frá Djúpálæk

Það dimmir og hljóðnar í Davíðsborg.
Í dvala sig strætinn þagga.
Í bæn hlýtur svölun brotleg sál
frá brunni himneskra dagga.
Öll jörðin er sveipuð jólasnjó
og jatan er ungbarns vagga.

Og stjarna skín gegnum skýjahjúp
með skærum, lýsandi bjarma.
Og inn í fjárhúsið birtan berst,
og barnið réttir út arma.
En móðirin, sælasti svanni heims,
hún sefur með bros um hvarma.

Og hjarðmaður birtist, um húsið allt
ber höfga á reykelisangan.
Í huga flytur hann himni þökk
og hjalar við reifa strangann.
Svo gerir hann krossmark, krýpur fram
og kyssir barnið á vangann.

70. Hresstu þig við

Hresstu þig við - liðkaðu lið,
dúddelídú - dúddelídú.
Laust og létt - liðugt og þétt
dúddelídú - dúddelídú.
Láttu nú hendurnar hraðara ganga,
hreyfðu nú á þér skankana langa.
Dúddelídú - dúddelídú,
við byrjum aftur nú.

71. Hreyfa litla fingur

Soffía Vagnsdóttir

Hér hreyfum við okkur samkvæmt textum
og frjósum eins og myndastyttur.

Hreyfa litla fingur
Hreyfa litla fingur
Hreyfa litla fingur
og frjósa eins og skot

Hreyfa litlar tásur.....	Hreyfa litla rass....
Hreyfa lítil augu.....	Hreyfa litlar fætur...
Hreyfa lítil nef.....	Hreyfa okkur sjálf....
Hreyfa litla munna....	Hreyfa okkur sjálf...
Hreyfa litlar hendur.....	

72. Hvar er húfan mín?

Lag: Thorbjörn Egner. Þýð: Kristján frá Djúpalæk

Hvar er húfan mín?
Hvar er hempan mín?
Hvar er falska gamla fjögra gata flautan mín?
Hvar er úrið mitt?
Hvar er þetta og hitt?
Hvar er bláa skyrtnan, trefillinn og beltið mitt?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu þvottaskál?
Sérðu þráð og nál?
Sérðu hnífinn, sérðu diskinn og mitt drykkjarmál?
Sérðu pottana og selgarnsspottana?
Sérðu heftið, sem ég las um hottintottana?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Sérðu töskuna?
Sérðu flöskuna?
Sérðu eldinn, sérðu reykinn
Sérðu öskuna?
Hvar er peysan blá?
Hvar er pyngjan smá?
Hvar er flísín, sem ég stakk í mína stórutá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

Hvar er hárgreiðslan?
Hvar er eldspýtan?
Hvar er Kasper, hvar er Jesper, hvar er Jónatan?
Þetta er ljótt að sjá, alltaf leita má.
Hvar er kertið, sem við erfðum henni ömmu frá?
Ég er viss um að það var hér allt í gær.

73. Hvít jól

Ég man þau jólin, mild og góð
er mjallhvít jörð í ljóma stóð.
Stöfum stjörnum bláum,
frá himni háum
í fjarska kirkjuklukknahljóum.
Ég man þau jól, hinn milda frið
á mínum jólakortum bið
að æfinlega eignist þið
heiða daga, helgan jólafrið.

74. Höfuð, herðar, hné og tær

Höfuð herðar hné og tær
Höfuð herðar hné og tær – hné og tær

Höfuð herðar hné og tær – hné og tær
 Augu eyru munnur og nef
 Höfuð herðar hné og tær – hné og tær

Endurtekið þrisvar sinnum

Hnakki kinnar haka háls – haka háls
 Hnakki kinnar haka háls – haka háls
 Bringa magi bak og rass
 Hnakki kinnar haka háls – haka háls

Endurtekið þrisvar sinnum

75. Í fjalladal.

ókunnur

Í fjalladal, í fjalladal
 er fagurt oft á vorin,
 er grænkar hlið og glóa blóm
 og glymur loft af svanahljómi.
 Í fjalladal, í fjalladal
 er fagurt oft á vorin.

76. Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman,
 þar leika allir saman.
 Leika úti og inni
 og allir eru með.

Hnoða leir og lita,
 þið ættuð bara að vita
 hvað allir eru duglegir
 í leikskólanum hér.

77. Í rigningu ég syng

:/: Í rigningu ég syng :/:
 Það er stórkostlegt veður
 og mér líður svo vel.
 Þumlar upp...
 :/: atjúttítja atjúttítja atjúttítja tja :/:

Í rigningu ég

Arma að.....
 Fætur inn.....
 Rassinn út.....
 Á öðrum fæti.....
 Tungan út.....

78. Í skóginum stóð kofi einn

Ók.er.lag Höf. Hrefna Tynes

Í skóginum stóð kofi einn,
 sat við gluggann jólasveinn
 þá kom lítið héraskinn
 sem vildi komast inn.
 Jólasveinn ég treysti á þig
 veiðimaður skýtur mig
 komdu litla héraskinn
 því ég er vinur þinn.

Veiðimaður kofan fann
 jólasveinininn spurði hann

hefur þú séð héraskinn
hlaupa um hagan þinn.
Hér er ekkert héraskott
hafa skaltu þig á brott
veiðimaður burtu gekk
og engan héra fékk.

79. If you're happy and you know it

If you're happy and you know it
clap your hands.
If you're happy and you know it
clap your hands.
If you're happy and you know it
and you really want to show it.
If you're happy and you know it
clap your hands.

If you're happy and you know it
stap your feet ...

If you're happy and you know it
snap your fingers ...

If you're happy and you know it
knock your head ...

If you're happy and you know it
say juhu ...

If you're happy and you know it
do all five ...

80. Indjánaalagið

Einn og tveir og þrír indjáanar,
fjórir og fimm og sex indjáanar.
Sjö og átta og níu indjáanar.
Tíu indjáanar í skóginum.

Allir voru með byssu og borg
Allir voru með byssu og borg
Allir voru svo kátir og glaðir
þeir ætluðu að fella björninn.

Uss þarna heyrðist eitthvað braka
Uss þarna heyrðist fugl að kvaka.
Fram kom stóri og grimmi björninn
þá hlupu allir heim til sín.

Þá hlupu einn og tveir og þrír indjáanar
fjórir og fimm og sex indjáanar
sjö og átta og níu indjáanar,
en einn indjáni varð eftir.

Hann var ekki hræddur við stóra björninn
Bang hann skaut og hitti björninn.
Tók svo af honum allan haminn
og hélt á honum heim til sín.

Þá komu einn og tveir og þrír indjáanar
fjórir og fimm og sex indjáanar
sjö og átta og níu indjáanar.
Allir að skoða björninn.

81. Ísland er land þitt

Lag: Magnús Þór Sigmundsson. Ljóð: Margrét Jónsdóttir

Ísland er land þitt og ávallt þú geymir
 Ísland í huga þér hvar sem þú fer.
 Ísland er landið sem ungan þig dreymir.
 Ísland í vonanna birtu þú sér.
 Ísland í sumarsins algræna skrúði.
 Ísland með blikandi norðljósatraf.
 Ísland er feðranna afrekum hlúði.
 Ísland er foldin sem lífið þér gaf.

Íslensk er þjóðin sem arfinn þinn geymir.
 Íslensk er tunga þín skír eins og gull.
 Íslensk er lind sem um æðar þér streymir.
 Íslensk er vonin af bjartsýni full.
 Íslensk er vornóttin albjört sem dagur.
 Íslensk er lundin með karlmennsku þor.
 Íslensk er vísan, hinn íslenski bragur.
 Íslensk er trúin á frelsisins vor.

Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.
 Íslandi helga þú krafta og starf.
 Íslenska þjóð, þér er ætlað að geyma
 íslenska tungu, hinn dýrasta arf.
 Ísland sé blessað um aldanna raðir,
 íslenska moldin er lífið þér gaf.
 Ísland sé falið þér eilífi faðir.
 Ísland sé frjálst meðan sól gyllir haf.

82. Jólasveinar einn og átta

Enskt lag. Íslensk þjóðvísa

Jólasveinar einn og átta,
 ofan komu af fjöllum.
 Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,
 fundu hann Jón á völlum.
 Andrés stóð þar utan gátta
 það átti að færa hann tröllum.
 Þá var hringt í Hóla­kirkju
 öllum jólabjöllum.

83. Jólasveinar ganga um gólf

Lag: Friðrik Bjarnason. Höf. ókunnur

Jólasveinar ganga um gólf
 með gylltan staf í hendi,
 móðir þeirra sópar gólf
 og hýðir þá með vendi.

Upp á stól stendur mín kanna,
 níu nóttum fyrir jól
 þá kem ég til manna.

(Jólasveinar ganga um gólf
 með gildan staf í hendi,
 móðir þeirra hrín við hátt
 og hýðir þá með vendi.)

84. Jólasveinarnir

Ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum

Segja vil ég sögu
 af sveinunum þeim,
 sem brugðu sér hér forðum
 á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,
 - eins og margur veit,
 í langri halarófu
 á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir
 og gaf þeim tröllamjólk,
 en þabbinn Leppalúði,
 - það var leiðindafólk.

Þeir jólasveinar nefndust,
 - um jólin birtust þeir.
 Og einn og einn þeir komu,
 en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán
 þessir heiðursmenn,
 sem ekki vildu ónáða
 allir í senn.

Að dyrunum þeir læddust
 og drógu lokuna úr.
 Og einna helst þeir leituðu
 í eldhús og búr.

Lævísir á svipinn
 þeir leyndust hér og þar,
 til óknyttanna vísir,
 ef enginn nærri var.

Og eins þó einhver sæi,
 var ekki hikað við
 að hrekkja fólk - og trufla
 þess heimilisfrið.

Stekkjastaur (12. des.)

Stekkjastaur kom fyrstur,
 stinnur eins og tré.
 Hann laumaðist í fjárhúsin
 og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,
 - þá varð þeim ekki um sel,
 því greyið hafði staurfætur,
 - það gekk nú ekki vel.

Giljagaur (13. des.)

Giljagaur var annar,
 með gráa hausinn sinn.
 - Hann skreið ofan úr gili
 og skauzt í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum
 og froðunni stal,
 meðan fjósakonan átti
 við fjósamanninn tal.

Stúfur (14. des.)

Stúfur hét sá þriðji,
 stubburinn sá.
 Hann krækti sér í pönnu,

þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu
og hirti agnirnar,
sem brunnu stundum fastar
við barminn hér og þar.

Þvörusleikir (15. des.)

Sá fjórði, Þvörusleikir,
var fjarskalega mjór.
Og ósköp varð hann glaður,
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding
og þvöruna greip,
og hélt með báðum höndum,
því hún var stundum sleip.

Pottaskefill (16. des.)

Sá fimmti, Pottaskefill,
var skrítið kuldastrá.
- Þegar börnin fengu skófir
hann barði dyrnar á.

Þau ruku´ upp, til að gá að
hvort gestur væri á ferð.
Þá flýtti´ ann sér að pottinum
og fékk sér góðan verð.

Askasleikir (17. des.)

Sá sjötti, Askasleikir,
var alveg dæmalaus. -
Hann fram undan rúmunum
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana
fyrir kött og hund,
hann slunginn var að ná þeim
og sleikja á ýmsa lund.

Hurðaskellir (18. des.)

Sjöundi var Hurðaskellir,
- sá var nokkuð klúr,
ef fólkið vildi í rökkrinu
fá sér væran dúr.

Hann var ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þó harkalega marraði
hjörunum í.

Skyrjarmur - Skyrgámur (19. des.)

Skyrjarmur, sá áttundi,
var skelfilegt naut.
Hann hlemminn o´n af sánum
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig
og yfir matnum gein,
unz stóð hann á blístri

og stundi og hrein.

Bjúgnakrækir (20.des.)

Níundi var Bjúgnakrækir,
brögðóttur og snar.
Hann hentist upp í rjáfrin
og hnuplaði þar.

Á eldhúsbíta sat hann
í sóti og reyk
og át þar hangið bjúga,
sem engan sveik.

Gluggagægir (21. des.)

Tíundi var Gluggagægir,
grályndur mann,
sem laumaðist á skjáinn
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni
álitlegt að sjá,
hann oftast nær seinna
í það reyndi að ná.

Gáttapefur (22. des.)

Ellefti var Gáttapefur,
- aldrei fékk sá kvef,
og hafði þó svo hlálegt
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði
upp á heiðar fann,
og léttur, eins og reykur,
á lyktina rann.

Ketkrókur (23.des.)

Ketkrókur, sá tólfti,
kunni á ýmsu lag. -
Hann þrammaði í sveitina
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,
þegar kostur var á.
En stundum reyndist stuttur
stauturinn hans þá.

Kertasníkir (24. des.)

Þrettáandi var Kertasníkir,
- þá var tíðin köld,
ef ekki kom hann síðastur
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,
sem brostu, glöð og fín,
og trítluðu um bæinn
með tólgarkertin sín.

Á sjálfa jólanóttina,
- sagan hermir frá, -
á strák sínum þeim sátu

og störfu ljósinn á.

Svo tíndust þeir í burtu,
- það tók þá frost og snjór.
Á Þrettánda á síðasti
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllumunum
er fennt í þeirra slóð.
- En minningarnar breytast
í myndir og ljóð.

85. Jólin alls staðar

Lag: Jón Sigurðsson Texti: Jóhanna G. Erlingsson

Jólin! jólin! alls staðar.
Með jólagleði og gjafirnar.
Börnin stóreyg standa hjá
og stóra jólaljósin á,
jólaklukkan boðskap ber
um bjarta framtíð handa þér.
Og brátt á himni hækkar sól
- við höldum heilög jólin.

86. Kalli kónguló

Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló
klifraði upp'á vegg.
Þá kom rigningin
og Kalli litli féll.

Upp kom sólin,
þerraði hans kropp
og Kalli litli kónguló,
klifraði upp á topp.

87. Karl og sauðirnir

Karl gekk út um morgun tíma,
taldi alla sauði sína,
einn og tveir og þrír og fjórir
og allir voru þeir.
Mep höndunum gerum við klapp, klapp, klapp,
með fótunum gerum við stapp, stapp, stapp.
Einn tveir þrír, ofur lítið spor,
einmitt á þennan hátt er leikur vor.

88. Kátt er á jólinum.

Lag: Komdu og skoðuðu í kistuna mína.

Kátt er á jólinum, krakkarnir syngja
kveikt eru ljós og farið í það.
Klukkurnar allar í kirkjunni hringja.
Kjötið er soðið og ljúffengt er það.
Lundin er glöð, þó lágt fari sól,
lifandi ósköp er gaman um jólin.

89. Kisutangó

Mín kisa á vökul eyru
og veiðihár og rófu
og viðkvæmt lítið trýni
hún sleikir oft og þvær.

Hún unir dátt við leiki
og aldrei sýnir klær
og engin kisa í heimi
á svo fimar tær.

Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
hún teygir sig og reigir
og er svo fött og brött.
Mín kisa dansar tangó, tangó, tangó,
ég trúað gæti að margir
vildu eiga slíkan kött!
Tra - lala-lala-la - mjá-á-á.

90. Klementínudans

Lag: Atli Heimir. Texti: Halldór Laxness

Langt fyrir utan ystu skóga
árið sem að gullið fannst
::einn bjó smiður út í móa
og hans dóttir sem þú mannst::

Litla smáin lofi fáin
lipurtáin gleðinnar
::ertu dáin úti bláinn
eins og þráin sem ég bar?::

91. Krókódill í lyftunni minni

lag. alligator in the elevator Þyð. Birte Harksen

Það er krókódill í lyftunni minni,
ég er svolítið smeyk /ur við hann.
Það er krókódill í lyftunni minni,
og hann getur étið mann!

Krókódill, förum á fyrstu hæð, (svo 2-3-4-5)
þú færð ekki að éta mig,
því að það er ég sem ræð!

92. Krummi krunkar úti

ísl. þjóðlag

Krummi krunkar úti
kallar á nafna sinn
ég fann höfuð af hrúti
hrygg og gæruskinn
Komdu nú og krunkaðu með mér krummi nafni minn
Komdu nú og krunkaðu með mér krummi nafni minn

93. Krummi svaf í klettagjá

Íslenskt þjóðlag. Ljóð: Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá
kaldri vetrarnóttu á,
:/: Verður margt að meini, :/:
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
:/: Undan stórum steini :/:

Allt er frosið úti gor
ekkert fæst við ströndu mor
:/: svengd er metti mína, :/:
ef að húsum heim ég fer
heimafrakkur bannar mér
:/: seppi úr sorpi að tína. :/:

Á sér krummi ýfði stél,
 einnig brýndi gogginn vel
 :/: flaug úr fjallagjótum, :/:
 lítur yfir byggð og bú,
 á bæjum fyrr en vakna hjú,
 :/: veifar vængjum skjótum. :/:

Sálaður á síðu lá
 sauður feitur garði hjá
 :/: fyrrum frá á velli, :/:
 krunk, krunk, nafnar, komið hér
 krunk, krunk því oss búin er
 :/: krás á köldu svelli. :/:

94. Kræklótt vísa

höf. óþ.

Kræklóttur maður
 með kræklótt hné
 fann kræklótta krónu
 undir kræklóttu tré,
 hans kræklótti köttur
 fann kræklótta mús
 og kræklótt byggðu þeir
 krækluhús

95. Kveikjum eld

Lag og ljóð: Ámi úr Eyjum

Kveikjum eld, kveikjum eld,
 kátt hann brennur.
 Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
 syngjum dátt.
 Örar blóð, örar blóð
 um æðar rennur.
 Blikar glóð, blikar glóð,
 brestur hátt.

Hæ, bálið brennur, bjarma á kinnar slær.
 Að logum leikur ljúfasti aftanblær.
 Kveikjum eld, kveikjum eld,
 kátt hann brennur.
 Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
 syngjum dátt.

96. Kvæðið um fuglana

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Snert hörpu mína, himinborna dís,
 svo hlusti englar guðs í paradís.
 Við götu mína fann ég fjalarstúf
 og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
 ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
 Í huganum til himins oft ég svíf
 og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn
 og sumir verða alltaf lítil börn.
 En sólin gyllir sund og bláan fjörð
 og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængja þyt,
 um varpann leikur draumsins perluglit.

Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið englar guðs í paradís.

97. Labba úti í mónum

Höf ók.

::Labba´úti´í mónum::
 ::Tína ber::
 ::Verða kalt á klónum::
 ::Hlaupa, hlaupa heim::
 ::Fara´á skautum::
 ::Renna geysi hratt::
 ::Verða kalt á tánum::
 ::Hlaupa, hlaupa heim::
 ::Klifra´í klettunum::
 ::Litast um::
 ::Verða kalt á kollinum::
 ::Hlaupa, hlaupa heim::
 ::Róa til fiskjar::
 ::Renna´ og draga þorsk::
 ::Háar eru báurnar::
 ::Róa, róa heim::

98. Lína Langsokkur

Lag: Jan Johansson

Hér skal nú glens og gaman
við getum spjallað saman
Gáum hvað þú getur,
vinur, gettu hver ég er!
Verðlaun þér ég veiti
ef að veistu hvað ég heiti.
En vaðir þú í villu
þetta vil ég segja þér:

Hér sérðu Línu Langsokk
tralla hopp, tralla hei, tralla hopsasa.
Hér sérðu Línu Langsokk,
já líttu það er ég.

Og þú sérð minn apa
minn sæta, fína litla apa.
Herra Níels heitir
já hann heitir reyndar það.
Hérna höll mín gnæfir
við himin töfraborg mín gnæfir.
Fannstu annan fegri
eða frægðarmeiri stað.

Hér sérðu Línu Langsokk.....

Þú höll ei hefur slíka,
ég á hest og rollu líka
og kúfullan af krónum
einnig kistil á ég mér.
Verið allir vinir -
velkomnir - einnig hinir.
Nú lifað skal og leikið
nú skal líf í tuskum hér.
Hér sérðu Línu Langsokk.....

99. Litalagið

Höf. óþekk.

Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár.
Brúnn, bleikur banani,
appelsína talandi.
Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár.
Gott er að eiga góða skó
í rigningu og miklum snjó.

100. Lítið lasið skrímsli

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Ég er lítið, lasið skrímsli,
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik,
og mig vantar snýtuklút.
Ég er orðinn upplitaður,
ég er orðinn voða sljór,
ég held ég hringi í lækninn,
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru, eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef.

Augun mín þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg.
Ég held að aldrei aftur
muni á mér vaxa skegg.
Ó mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ornum,
annars kemst ég ekki á stjá.

Skrímsli eru, eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef.

101. Lítið, lasið skrímsli

lag og texti. Olga Guðrún Árnadóttir

Ég er lítið, lasið skrímsli
og mig langar ekkert út.
Hornin mín eru völt og veik
og mig vantar snýtuklút.

Ég er orðinn upplitaður,
ég er orðinn voða sljór.
Ég held ég hringi í lækni
því að halinn er svo mjór.

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrímsli
sem er hóstandi og með stíflað nef?

Augun mín, þau standa á stilkum,
annað starir út í vegg,
og ég held að aldrei aftur

muni á mér vaxa skegg.

Ó, mamma, elsku mamma,
nú ég meðal verð að fá,
glás af iðandi ornum,
annars kemst ég ekki á stjá!

Skrímsli eru eins og krakkar,
ósköp vesæl ef þau næla sér í kvef.
Hver er hræddur við skrýmsli
sem er hóstandi og með stíflað nef?

102. Lítill heimur

Lag: It's a small world, þýðing: Friðrik Guðni Þórleifsson

Þar er gott að vera sem gleðin býr,
þar sem gerast sögur og ævintýr,
svona er veröldin okkar
sem laðar og lokkar
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur, hýr
lítill heimur ljúfur, hýr
lítill heimur ljúfur, hýr
eins og ævintýr.

103. Lítill heimur

Lag: It's a small world, þýðing: Friðrik Guðni Þórleifsson

Þar er gott að vera sem gleðin býr,
þar sem gerast sögur og ævintýr,
svona er veröldin okkar
sem laðar og lokkar
svo ljúf og hýr.

Lítill heimur ljúfur, hýr
lítill heimur ljúfur, hýr
lítill heimur ljúfur, hýr
eins og ævintýr.

104. Litla flugan

Sigfús Halldórsson

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítill fjóla grær við skriðufót.
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðin lítil fluga,
ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.
Ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

105. Litli trommuleikarinn

Lag: Katherine Davis. Ljód: Stefán Jónsson

Kom, þeir sögðu, parampapampam
 oss kóngur fæddur er, parampapampapam.
Hann hylla allir hér, parampapampam
með heiðurs gjöf frá sér, parampapampam
rampapampam, rampapampam.
Oss það öllum ber, parampapampam, - einnig þér.

Litli kóngur
ég gjafir engar á

en ljúft er mér ef má,
ég mína trommu slá, param
þér til heiðurs þá - hlusta á.

Heilög móðir,
hann sér á armi þar
og blíð og brosljúf var,
hann brosti sjálfur þar, param...
Ég hélt það samþykkt svar
og svo það var.

106. Litlu andarungarnir

Þjóðlag frá Austurríki

Litlu andarungarnir allir synda vel, allir synda vel,
höfuð hneigja' í djúpið og hreyfa lítil stél
höfuð hneigja' í djúpið og hreyfa lítil stél

Litlu andarungarnir ætla út á haf, ætla út á haf,
fyrst í fjarðlægð skima og fara svo í kaf
fyrst í fjarðlægð skima og fara svo í kaf

107. Lóan er komin

Lag: Amerískt lag. Ljóð: Páll Ólafsson

Lóan er komin að kveða burt snjóinn.
Að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót,
hún hefur sagt mér að vaka og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

108. Lofsöngur

Lag: Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Ljóð: Matthías Jocumsson

Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð,
vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár
og þúsund ár dagur ei meir
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár, Íslands þúsund ár
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður guð sinn og deyr.

109. Maístjarnan

Lag: Alþýðulag/Jón Ásgeirsson. Ljóð: Halldór Laxnes

Ó hve létt er þitt skóhljóð
ó hve lengi ég beið þín
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar
það er atvinnuþref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,

nema von mína og líf mitt
 hvort ég vaki eða sef,
 þetta eitt sem þú gafst mér
 það er allt sem ég hef.

En í kvöld lýkur vetri
 sérhvers vinnandi manns,
 og á morgun skín maísól,
 það er maísólin hans,
 það er maísólin okkar,
 okkar einingarbands,
 fyrir þér ber ég fána
 þessa framtíðarlands.

110. Mamma gefðu mér grásleppu

Lag og texti: Jóhann Helgason

Það var einu sinni grásleppukarl
 sem að átti grásleppuskúr
 og ég þekkti þennan grásleppukarl
 hann átti lítinn grásleppuskúr.

Mamma, mamma gefðu mér grásleppu
 mamma, mamma því hún er svo góð
 mamma, mamma mig langar í grásleppu
 mamma, mamma því hún er svo góð.

Það var einu sinni hangikjötskarl
 sem að átti hangikjötsbúð
 og ég þekkti þennan hangikjötskarl
 hann átti litla hangikjötsbúð.

Mamma, mamma mig langar í hangikjöt
 mamma, mamma því það er svo gott
 mamma, mamma gefðu mér hangikjöt
 mamma, mamma því það er svo gott.

Það var einu sinni sælgætiskarl
 sem að átti sælgætisbúð
 og ég þekkti þennan sælgætiskarl
 hann átti litla sælgætisbúð.

Mamma, mamma gefðu mér sælgæti
 mamma, mamma því það er svo gott
 mamma, mamma mig langar í sælgæti
 mamma, mamma því það er svo gott.

Mamma, mamma gefðu mér, gefðu mér grásleppu,
 ó, því hún er svo góð.
 Mamma, mamma mig langar í, langar í hangikjöt,
 ó, því það er svo gott.
 Mamma, mamma gefðu mér, gefðu mér sælgæti,
 ó, því það er svo gott...

111. Matseðill

lag: Öxar við ána

Fram skulu reiddar
 sauðkindur seyddar
 sýrðar og reyktar
 og höggnað í spað.
 Allt það er seðjar
 augu sem hreðjar.
 Innbyrgði gestirnir þegar í stað.
 Namm, namm lostætið ljúfa

Namm, namm ludabaggi og svið.
Tros og tormellt rengi
tyggjum vel og lengi.
Á tanngörðunum vinnum við.

112. Með sól í hjarta

Lag: You are my sunshine

Með sól í hjarta og söng á vörum
við setjumst niður í grænni laut,
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
og kakó hitum og eldum graut.

Enn logar sólin á Súlnatindi,
og senn fer nóttin um dalsins kinn,
og skuggar lengjast og skátinn þreytist,
hann skríður sáll í pokann sinn.

Og skáta dreymir í varðarvoðum
um varðeld, kakó og nýjan dag.
Af háum hrotum þá titra tjöldin,
í takti, einmitt við þetta lag.

113. Meiri snjó

Lag: Jule Styne. Texti: Sammy Chan. Ísl. þýð: Ólafur Gaukur Þórhallsson

Er lægst er á lofti sólin,
þá loksins koma jólin.
Við fögnum í friði og ró
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það gleðst allur krakkakórinn
er kemur jólasnjórinn
og æskan fær aldrei nóg,
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Það er barnanna besta stund
þegar byrjar að snjóa á grund,
úti á flötinni fæðist hratt
feikna snjókarl með nef og með hatt.

Svo leggjast öll börn í bólin
því bráðum koma jólin,
þau fagna í friði og ró
meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

114. Mér er kalt á tánum

Mér er kalt á tánum,
ég segi það satt.
Ég er skólaus og skjálfandi
og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun,
það snjóaði í dag.
Ég er hreint alveg ráðalaus,
en hvað um það?

Ég syng mína vísu
um snjóinn og mig,
tra, ra, la, la, la, la, la, la,
um snjóinn og mig.

115. Mér er kalt á tánum

höf. ók.

Mér er kalt á tánum,
ég segi það satt.
Ég skólaus er og skjálfandi
og hef engan hatt.

Það snjóaði í morgun,
það snjóaði í dag.
ég er alveg ráðalaus,
en hvað um það?

ég syng mína vísu
um snjóinn og mig,
tra, ra, la, la, la, la, la, la,
um snjóinn og mig.

116. Mörður týndi tönnum

::Mörður týndi tönnum
til það kom af því:
Hann beit í bak á mönnum
svo beini festi í.
Þó er gemlan eftir ein
það er hin hola höggormstönn,
enn sem vinnur mein::

117. Nammi-lagið

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmí,
rosalegt fjör yrði þá.
Ég halla mér aftur, set tunguna út,
uu,uu,uu,uu, rosalegt fjör yrði þá.

Ef skýin væru úr sykurpúðapoppi,
rosalegt fjör yrði þá.
Ég halla mér aftur, set tunguna út,
uu,uu,uu,uu, rosalegt fjör yrði þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjón,
rosalegt fjör yrði þá.
Ég halla mér aftur, set tunguna út,
uu,uu,uu,uu, rosalegt fjör yrði þá.

Ef leikskólinn væri súkkulaðikaka,
rosalegt fjör yrði þá.
Ég halla mér aftur með tunguna út,
uu,uu,uu,uu, rosalegt fjör yrði þá

118. Nú er úti norðanvindur

Höf. ókunnur

Nú er úti norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
þá mundi ég láta þær allar inn,
elsku bestu vinur minn.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassa-sa.

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skír og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól
Úmbarassa ...

Elsku besti stálagrér,
 heyrirðu hvað ég segi þér:
 "Þú hefur étið úldið smér,
 og dálítið af snæri,
 elsku vinurinn kærí".

Úmbarassa ...

Þarna sé ég fé á beit,
 ei er því að leynd.
 Nú er ég kominn upp í sveit
 á rúttunni hans Steina.
 Skilurðu hvað ég meina?

Úmbarassa ...

Höfði stingur undir væng,
 hleypur nú á snærið.
 Hún Gunna liggur undir sæng,
 öll nema annað lærið.
 Nú er tækifærið.
 Úmbarassa ...

119. Óðurinn til gleðinnar

Lag: Beethoven. Ljóð: Mattías Jochumsson

Fagra gleði, guða logi,
 Gimlis dóttir, heill sé þér.
 Í þinn hásal, hrifnir eldi,
 heilög gyðja komum vér.
 Þínir blíðu töfrar tengja,
 tískan meðan sundur slær;
 allir bræður aftur verða
 yndisvængjum þínum nær.

120. Óskasteinar

Lag: Bardos Lajos. Ljóð: Hildigunnur Halldórsdóttir

Fann ég á fjalli fallega steina
 faldi þá alla vildi þeim leynd,
 huldi þar í hellisskúta heilla steina
 alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
 lengur ei man ég óskina neina
 er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
 ekki frá því skýrir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
 geti þær fundið telpa eða drengur
 silfurskæra kristalla með grænu og gráu
 gullna roðasteina rennda fjólubláu.

121. Pálína með prikið

Norskt þjóðlag. Ljóð: Guðmundur Daníelsson

Pálína með prikið
 potar sér gegnum rykið,
 rogast hún með rjóma, rebbist hún með smjör.
 Þetta verður veisla, vítamín og fjör.
 Pálína með prikið.

Pálína með pakkann
 þjakkar heim allan bakkann.
 Vertu ekki vond þótt vísan sé um þig.
 Pálína með pakkann, passar fyrir mig.
 Pálína með pakkann.

122. Pipar-Pétur

Pula. höf. óþekktur.

Pipar-Pétur plokkar
 piparkorn úr pakka,
 úr pakka Pipar-Pétur
 plokkar piparkorn,
 piparkorn úr pakka
 Pipar-Pétur plokkar,
 plokkar piparkorn
 úr pakka Pipar-Pétur.

123. Pompulagið

:/: Ég pompa á bossann í skólanum :/
 Ég pompa á bossann en iss iss iss iss siss með það.
 Ég pompa á bossann en stend upp og held af stað.

124. Ryksugulag

Lag og ljóð: Ólafur Haukur Símonarson

Ryksugan á fullu, étur alla drullu
 trallalara, trallara, trallaramm. Kristján Jónsson
 Sópa burtu rykið, með kústi og gömlu priki
 Trallalara, trallara, trallaramm.

Ef þú getur ekki sungið, reyndu þá að klappa,
 og ef þú getur ekki klappað, reyndu þá að stappa,
 svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
 og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Út með allan skítinn, svo einhver vilji lítinn
 trallalara, trallara, trallaramm.
 Skúra, skrúbba og bóna, rífa af öllum skóna
 trallalara, trallara, trallaramm.

Ef þú getur ekki sungið..

125. Ræningjavísur

lag:Thorbjörn Egner . þýð: Kristján frá Djúpalæk

Við læðumst hægt um laut og gil
 og leyndar þræðum götur,
 á hærusekki heldur einn
 en hinir bera fötur.
 Að ræna er best um blakka nótt,
 í bænum sofa allir rótt.
 Þó tökum við aldregi of eða van,
 hvorki Kasper og Jesper né Jónatan.

Í bakarí við brjótumst inn
 en bara lítið tökum,
 tólf dvergsmá brauð, sex dropaglös
 og dálítið af kökum.
 Svo étur kannske Jónatan
 af jólaköku bláendann.
 Þó tökum við aldregi of eða van,
 hvorki Kasper og Jesper né Jónatan.

Nú fyllt við höfum fötu og sekk
 af fæðu, dreykk og klæðum.
 Og allt í lagi eins og ber,
 en um það fátt við ræðum.
 Og margt að annast mun í dag

en matargerð er okkar fag.,
þó störfum við aldregi of eða van,
hvorki Kasper né Jesper né Jónatan

126. Saknaðaljóð (úr Pílu pínu)

Ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Hljótt er nú í húsum inni
harmur býr í allra sinni.
Hvar er litla Píla pína?
Sárt er að missa sína.

Burt hún hvarf og brekkan grætur
birtist mér í draumi nætur.
Veslings litla Píla pína,
sárt er að missa sína.

Músaguð við hættum hlífi
henni, sé hún enn á lífi.
Græt ég, litla Píla pína.
Sárt er að missa sína.

Rætist óskir hennar heitar,
hún það finni sem hún leitar
Komdu aftur, Píla pína!
Sárt er að missa sína.

127. Sértu glaður

höf. ók.

Sértu glaður skaltu
klappa höndunum (klapp,klapp).
Sértu glaður skaltu
klappa höndunum (klapp,klapp).
Sértu ofsalega glaður
alveg ofsakátur maður.
Sértu glaður skaltu
klappa höndunum (klapp,klapp).
2.Stappa fótunum (stapp,stapp)
3.Klapp á kollinn þinn (klapp á koll)
4.Smella fingrunum (smella,smella)
5.Hrópa hátt húrra! (Húrra!)

128. Sex litlar endur þekki ég

Sex litlar endur þekki ég
fimm eru mjóar og ein er sver.
Ein þeirra vappar og sperrir stél
fremst í flokki og segir
kvakk, kvakk, kvakk
segir kvakk, kvakk, kvakk.

Niður að sjónum vilja þær
vagga vippe, vagga vippe
til og frá
Ein þeirra vappar og sperrir stél
fremst í flokki og segir
kvakk, kvakk, kvakk.
Segir kvakk, kvakk, kvakk.

129. Signir sól

Þýskt lag. Ljóð: Gunnar M. Magnúss

Signir sól sérhvern hól.
Sveitin klæðist geislakjól.
Blómin blíð, björt og fríð,

blika fjalls í hlíð.
 Nú er fagurt flest í dag.
 Fuglar syngja gleðibrag.
 Sumarljóð, sæl og rjóð,
 syngja börnin góð.

130. Skín í rauðar ...

Franskt þjóðlag. Ljóð: Friðrik Guðni Þórleifsson

Skín í rauðar skotthúfur
 skuggalangan daginn,
 jólasveinar sækja að
 sjást um allan bæinn.
 Ljúf í gleði leika sér
 lítil börn í desember,
 inn í frið og ró, út í frost og snjó
 því að brátt koma björtu jólin,
 bráðum koma jólin.

Uppi á lofti, inni í skáp
 eru jólapakkar,
 titra öll af tilhlökkun
 tindilfættir krakkar.
 Komi jólakötturinn
 kemst hann ekki bæinn inn,
 inn í frið og ró, inn úr frosti og snjó
 því að brátt koma björtu jólin,
 bráðum koma jólin.

Stjörnur tindra stillt og rótt,
 stafa geislum björtum.
 Norðurljósinn loga skær
 leika á himni svörtum.
 Jólahátíð höldum vér
 hýr og glöð í desember
 þó að feyki snjór þá í friði og ró
 við höldum heilög jólin
 heilög blessuð jólin.

131. Skreytum hús

Þjóðlag frá Wales. Þýð: Elsa Guðjónsdóttir

Skreytum hús með greinum grænum
 fa la la la la fa la la la.
 Gleði ríkja skal í bænum.
 fa la la la la fa la la la.
 Tendrum senn á trénu bjarta
 fa la la la la la la la la
 tendrum ljós í hverju hjarta
 fa la la la la fa la la la

Ungir gamlir allir syngja
 engar sorgir hugann þyngja
 Jólabjöllur blíðar kalla
 boða frið um veröld alla.

132. Skýin

Spilverk þjóðanna

Við skýin
 felum ekki sólina af illgirnini,
 við skýin
 erum bara að kíkja á leiki mannanna.
 Við skýin
 sjáum ykkur hlaupa í rokinu,

klædd gulum, rauðum, grænum, bláum regnkápum
 eins og regnbogi meistarans,
 regnbogi meistarans.
 Við skýin erum bara grá
 bara grá.
 Á morgun kemur sólin,
 hvar verðum við skýin þá?

133. Snert hörpu mína himinborna dís

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Snert hörpu mína himinborna dís
 svo hlusti englar Guðs í paradís.
 Við götu mína fann ég fjalarstúf
 og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
 ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
 Í huganum til himins oft ég svíf
 og hlýt að geta sungið í því líf.

Ég heyri í fjarska villtan vængjapyt
 um varpann leikur draumsins perluglit.

,:,Snert hörpu mína himinborna dís og hlustið englar Guðs í paradís:::

134. Sofðu unga ástin mín

Íslenskt þjóðlag. Ljóð: Jóhann Sigurjónsson

Sofðu, unga ástin mín.
 Úti regnið grætur.
 Mamma geymir gullin þín,
 gamla leggi og völuskrín.
 Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit
 minn er hugur þungur.
 Oft ég svartan sandinn leit
 svíða grænan engireit.
 Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt
 seint mun best að vakna.
 Mæðan kenna mun þér fljótt,
 meðan hallar degi skjótt
 að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

135. Sól skín á mig

Sólin er risin, sumar í bænum,
 sveitirnar klæðast nú feldinum grænum.
 Ómar allt lífið af ylríkum söng
 unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól, sól skín á mig.
 Ský, ský burt með þig.
 Gott er í sólinni
 að gleðja sig.
 Sól, sól skín á mig.

Blóm vekur skraulega iðandi angan,
 andblærinn gælir við marglita vanga.
 Ómar allt lífið af ylríkum söng
 unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól, sól skín á mig...

Leikandi skarinn af ánægju iðar,
áhugi samlætis glitrar og niðar.
Ómar allt lífið af ylríkum söng,
unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól, sól skín á mig...

Blómkrónur skínandi blöðum úr slétta.
Bikar sinn fullan af hunangi rétta.
Ómar allt lífið af ylríkum söng,
unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól, sól skín á mig...

Finnst mér nú tilveran órofa eining
úrelt sú kenning um mismun og greining.
Ómar allt lífið af ylríkum söng,
unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól, sól skín á mig...

136. Sólin skín og skellihlær

Þjóðlag frá Austurríki

Sólin skín og skellihlær,
við skulum syngja lag.
Vetur kaldur var í gær,
en vorið kom í dag.

Fallerí, fallera,
fallerí, fallera-ha-ha-ha-ha-ha,
fallerí fallera,
en vorið kom í dag.

137. Sprengidagur

höf.ókunn.

Á sprengidegi er bumban
að springa hreint á mér.
Því magnið er ei smátt
sem í magann á mér fer.
Af salkjöti og baunum
ég saðningu í magann fæ.
Af salkjöti og baunum
ég saddur er og hlæ.
Já bragðgóðar eru baunirnar, baunirnar, baunirnar
já bragðgóðar eru baunirnar, húllum hæ.

(Lag: Við erum söngvasveinar)

138. Strengir (úr Þílu þínu)

ljóð: Kristján frá Djúpalæk

Steinarnir eru strengir
strengina vatnið knýr.
Gaman það væri að vita
hvað í vatnsins huga býr.

Hvaðan skyldi það koma?
Hvert er heitið þess ferð?
Síðar á öldum söngsins
samferða því ég verð.

Lyngið á líka strengi,
leikur blærinn á þá
söngva sorgar og gleði
er í sálum kveikja þrá.

Vorljóðin draums og vonar
veröldin syngur öll.
Berast vil ég með blænum
burt yfir hæstu fjöll.

(lalallala....)

139. Strætólagið

Höf. óþekk.

Hjólin á strætó snúast
hring, hring, hring
hring, hring, hring
hring, hring, hring!
Hjólin á strætó snúast
hring, hring, hring
- út um allan bæinn!

Hurðin á strætó opnast
út og inn
út og inn, út og inn!
Hurðin á strætó opnast
út og inn.
- út um allan bæinn!

Peningarnir í strætó segja
klin, kling, kling
kling, kling, kling
kling, kling, kling!
Peningarnir í strætó segja
kling, kling, kling
- út um allan bæinn!

Fólkið í strætó segir
bla, bla, bla
bla, bla, bla
bla, bla, bla!
Fólkið í strætó segir
bla, bla, bla
- út um allan bæinn!

Börnin í strætó segja
hí, hí, hí
hí, hí, hí
hí, hí, hí!
Börnin í strætó segja
hí, hí, hí
- út um allan bæinn!

Bílstjórinn í strætó segir
uss, suss, suss
uss, suss, suss
uss, suss, suss
- út um allan bæinn!

Flautan í strætó segir
bíb, bíb, bíb
bíb, bíb, bíb
bíb, bíb, bíb

Flautan í strætó segir
bíb, bíb, bíb
- út um allan bæinn.

140. Sumar

Erl. lag / Steingrímur Thorsteinsson

Nú er sumar,
gleðjist gumar,
gaman er í dag;
brosir veröld víða,
veðurlagsins blíða
eykur yndishag.

Látum spretta
spori léttu,
spræka fáka nú;
eftir sitji engi,
örvar víf og drengi
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður,
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum,
yndi, heim þá skundum,
seint um sólarlag.

141. Sumarkveðja

Lag: Ingi T. Lárusson. Ljóð: Páll Ólafsson

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika á kinn,
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægri löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ.

Þú frjóvgar, gleður, fæðir allt,
um fjöll og dali og klæðir allt,
og gangirðu undir, gjörast kalt,
þá grætur þig líka allt.
Ó, blessuð vertu, sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.

142. Sumri hallar

Þjóðvísa

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar;

hafa fjallahnjúkarnir
húfur, mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól
undir mjallar þaki.
Þorir varla að sýna sól
sig að fjallabaki.

Verður svalt því veðri er breytt,
vina eins og geðið.
Þar sem allt var áður heitt
er nú kalt og freðið.

143. Syngjandi geng ég allsstaðar

Írskt þjóðlag. Texti: Jónas Árnason

Syngjandi hér, syngjandi þar,
syngjandi geng ég allsstaðar
sí og æ, æ og sí,
aldrei fæ ég nóg af því.

://: Einu sinni ég átti kú. ://:
Hún sagði ekki mö, heldur ba, ba, bú.
Já, býsna skrýtin var kýrin sú.

Syngjandi hér ...

://: Einu sinni ég átti geit. ://:
Hún fékkst aldrei til að fara á beit,
því feimin hún var og undirleit.

Syngjandi hér ...

://: Ég átti hrút, og hann var grár. ://:
Svo skipti hann um lit, og eftir ár
hann orðinn var næstum því fjólublár.

Syngjandi hér ...

://: Ég átti líka hund sem oft svaf fast. ://:
og þegar rigndi og það var hvasst,
þá fékk hann alltaf gigtarkast.

Syngjandi hér ...

://: Ég átti klár sem Kappi hét. ://:
Og ef ég hnakk minn á hann lét,
hann útaf lagðist og stundi og grét.

Syngjandi hér ...

://: Ég átti fugl sem í búri bjó. ://:
Hann aldrei söng, jafnvel ekki þó
að undir væri leikið á píanó.

Syngjandi hér ...

://: Ég átti kött sem var klókur og vís. ://:
Hann var andvígur því að eltast við mýs,
en át bara kökur og rjómaís.

144. Söngur dýranna í Týról

Lag og ljóð: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson

Hann fór í veiðiferð í gær
 hann Úlfgang bóndi.
 Hann skildi húsið eftir autt
 og okkur hér.
 Við erum glöð á góðri stund
 og syngjum saman
 stemmuna sem hann Helmut kenndi mér.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
 fyrir löngu.
 Hófu saman búskap hér og sjá.

Jorúloriloihí
 jorúloriloúhú
 mjá mjá mjá mjá mjá aha ha ha.

Jorúloriloihí
 jorúloriloúhú
 mjá mjá mjá mjá mjá mjá.

Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
 fyrir löngu.
 Hófu saman búskp hér og sjá.
 Köttur, klukka, hreindýr, svín og endur,
 fyrir löngu.
 Hófu saman búskp hér og sjá.

Jorúloriloíhí
 jorúloriloúhú
 mjá mjá mjá mjá mjá aha ha ha.

Jorúloriloíhí
 jorúloriloúhú
 mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá mjá.

145. Söngur ræningjanna

Lag: Thorbjörn Egner. Þýð: Kristján frá Djúpalek

Við læðumst hægt og hljótt á tám
 í hvert sinn sem við rænum.
 Í kvenpersónu nú skal ná
 því nóg er starf í bænum.
 Og hafa skal hún fæði fínt
 og finna allt sem nú er týnt.
 Já allir að læra að meta það man
 ætla Kasper og Jesper og Jónatan.

Og ljónið skal hún leika við
 því ljónið má ei saka.
 Og hún skal steikja kindakjöt
 og kökur fínar baka.
 Og burstu okkar skástu skó
 og skaffa í eldinn brenni nóg.
 Já, við munum læra að meta það man
 allir, Kasper og Jesper og Jónatan.

146. Til tunglsins

Þýskt þjóðlag. Þýð: Steingrímur Thorsteinsson

Góða tungl, um loft þú líður
 ljúft við skýja silfurskaut,
 eins og viljinn alvalds býður,
 eftir þinni vissu braut.
 Öllum þreyttum ljós þitt ljáðu,
 læðstu'um glugga sérhvern inn.

Lát í húmi hjörtun þjáðu
huggast blítt við geisla þinn.

147. Til veiga

Lag: Bellmann. Ljóð: Hannes hafstein

:/: Til veiga :/
vjer vekjum sérhvern mann!
Kominn er illviðra kóngurinn Þorri
kaldur og sárreiður ættjörðu vorri.
:/: Með blóti :/
vjer blíðka skulum hann.

:/: Hann situr :/
á svelli lögðum stól.
Nær sem hann hnerrar hretin dynja,
hósti hann fold og jöklar stynja.
:/: Í kvefi :/
er karlinn mesta fól.

:/: Hann gægist :/
með grettum Frónið á:
"Ég sver það ef að enginn blótar,
aðfarir skal ég hafa hér ljótar.
:/: Því toddý :/
án tafar vil ég fá."
(:/: Til forna :/
þá fékk ég blót að sjá.)

148. Tilfinningablús

Skandinavískt lag. Þýð: M.P.Ó.

Ég finn það ofan í maga o-ho
Ég finn það niður í fætur o-ho
Ég finn það fram í hendur o-ho
Ég finn það upp í höfuð o-ho
Ég finn það hér og hér og hér
og hér og hér og hér og hér
hvað ég er reið (glöð / leið / þreytt / hress)
hér inni í mér.

149. Tombai

Tom bai tom bai tom bai tom bai
tom bai tom bai tom bai
Don, don, don, di ri don
Di ri di ri don.
Tra la la la la, tra la la la
Tra la la la la la. Hai!

150. Traustur vinur

Lag og texti: Upplyfting

Enginn veit fyrr en reynir á
hvort vini áttu þá.
Fyrirheit gleymast þá furðu fljótt
þegar fellur á niðimm nótt.

Já, sagt er að, þegar á könnunni ölið er
fljótt þá vinurinn fer.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun
fyrir þína hönd guði sé laun.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið allt í einu

sýnist einskinsvert.

Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert
kraftaverk.

151. Tröll

Lag og ljóð: Soffía Vagnsdóttir

Hérna koma nokkur risatröll, HÓ! HÓ!
Þau öskra svo það bergmálar um fjöll, HÓ! HÓ!
Þau þramma yfir þúfurnar,
Svo fljúga burtu dúfurnar,
en bak við ský var sólin hlý í leyni,
hún skín á tröll, þá verða þau að steini!

152. Tröllalagið

Tröllalagið
Hátt uppí fjöllunum þar búa tröllin
Tröllamma tröllapabbi og litli tröllirölli
HÓ! sagði tröllamma
HÓ! sagði tröllapabbi
En hann litli tröllri rölli sagði ekki neitt - USS

Langt inni í skóginum þar búa ljónin
ljónamma, ljónapabbi og litli ljónsi flónsi.
Grrr! sagði ljónamma
Grrr! sagði ljónapabbi
En hann litli ljónsi flónsi sagði bara- mjáá.

153. Tveir kettir

Danskt lag Ljóð: Hildigunnur Halldórsdóttir

Tveir kettir sátu uppi´ skáp, kritte vitte vitt bom bom,
og eftir mikið gón og gláp, kritte vitte vitt bom bom,
þá sagði annar :”Kæri minn”, kritte vitte vitte vitt bom bom,
”við skulum skoða gólfdukkinn”, kritte vitte vitt bom bom.

Og litlu síðar sagði hinn: kritte vitte...
”Komdu aftur upp á ísskápinn”, kritte vitte...
En í því glas eitt valt um koll, kritte vitte...
og gerði´ á gólfið mjólkurpoll, kritte vitte...

Þá sagði fyrri kötturinn: kritte vitte...
”Æ heyrðu, kæri vinur minn”, kritte vitte...
”við skulum hoppa niður á gólf”, kritte vitte...
”og lepja mjólk til klukkan tólf”, kritte vitte...

154. Undir bláhimni

Lag: Joe Lyons/Sam C. Hart. Ljóð: Magnús Kr. Gíslason

Undir bláhimni blíðsumars nætur,
barstu í arma mér rósfagra mey,
þar sem döggin á grasinu grætur,
gárast tjörnin í suðrænum þey.
Ég var snortinn af yndisleik þínum,
ástarþráin er vonunum felld.
Þú varst ljósblík á lífshimni mínum,
þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég skal dansa við þig meðan dunar
þetta draumblíða lag, sem ég ann.
Meðan fjörið í æðunum funar
og af fögnuði hjartans, er brann.

Og svo dónsum við dátt, það er gaman,
meðan dagur í austrinu rís.
Og þá leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.

155. Upp á grænum grænum

Höf. óþekk.

Upp á grænum, grænum
himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu
– bomm, bomm
bombarombommbomm!
Hún með fiðlu sér við vanga,
Þá læddist að þeim
ljótur byssukarl
sem miðaði í hveli!
En hann hitti bara
trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

156. Upp, upp, upp á fjall

Enskt keðjulag. Textahöf. ókunnur

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg nið'r á tún.

157. Út um mela og móa

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa,
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

Viðlag:

A-a-a hollerahahía,
Hollera, ha, ha, hú, hú,
Hollerahahía, hollera, ha, ha,
Hollerahahía hó.

Út um stendur og stalla,
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.

158. Veðurljóð Tobíasar (úr Kardemommubænum)

höf: Thorbjörn Egner þýð. Kristján frá Djúpalæk

1. Regns er von úr austurátt,
ágúst liðinn, haustar brátt.
Þokuhettan, þung og grá,
þegar liggur fjöllum á.
Fólkið um hin byggðu ból,
bjarga tekur sér í skjól,
þá regnhlíf nauðsyn reynist
er regnið byrgir sól.

2. Þegar tekur vetur völd
verða dægrin myrk og köld.
napurt vindur norðan blæs,
nísta jörðu greipar snæs.
Hvern sem hefur ekki átt
úlpu góða, kelur brátt,

4. En er sunnan andar blær
allt sem lifir gleðst og hlær.
Vetur burt úr byggðum fer
blessað vorið komið er.
Fuglar syngja, sólin skín,
sumarnóttin daggavín
gefur bláu blómi,
bernskan verður mín.

norpa má í nepju,
nefið verður blátt.

3. Snúist vindur vestur í
vart er mikil bót að því.
Getur orðið æði hvasst,
allt má niður tjóðra fast.
Hver sem regnhlíf rótar þá,
rifinn verður jörðu frá,
borinn hátt til himins
hvað skal gera þá?

159. Vertu til er vorið kallar á þig

Rússneskt þjóðlag. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

Vertu til, er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

160. Við eigum hvor annan að

Söngur Tomma og Jenna

Við eigum hvor annan að
eins og skefti og blað
í lífsins skúraveðri.
Hanski og hönd,
hafið og strönd
við eigum samleið ég og þú
eins og vindur og vindubrú.

Andlit og nef,
nefið og kvef,
við hnerrum hjartanlega.
Allt gengur vel
ef þú átt vinarþel.

Stundum fellur regnið strítt,
stundum andar golan blýtt
og svo verður aftur hlýtt.
Sumir kvarta sí og æ
svoleiðis ég skellihlæ.
Allt gengur miklu betur
í vetur,
ef þú getur
kæst með mér kampnum í.

Það verður bjart yfir borg,
bros um öll torg.
Við syngjum sólaröngva
snúðu á hæl,
með þessu mælum við.
Því ekkert jafnast á við það
að eiga góðan vin í stað,
að standa tveir í hverri raun,
eru vináttulaun

161. Við erum börn í leikskóla

Lag og texti: Jónas Þórir

Við erum börn í leikskóla
og unum okkur þar.
Í leik og starfi lærum við
að finna lífsins svar.
Í gásk og kæti göngum við

glöð um Mosfellsbæinn
og þrúð og góð sem vera ber,
við bjóðum góðan daginn.

Við eigum vin´í skólanum
og virðum alla þar.
Því lífið býður upp á margt
við tökum með því far.
Og ljúfur Guð hann leiðir oss
með ljós á lífsins vegi.
Pabbi og mamma gefa koss
er lýkur þessum degi.

162. Við erum vinir

Höf. óþekk.

Við erum vinir,
við erum vinir,
ég og þú,
ég og þú.
Leikum okkur saman
leikum okkur saman
ég og þú,
ég og þú.

163. Við göngum mót hækkandi sól

Skandinavískt lag. Ljóð: Aðalsteinn Sigmundsson

Við göngum mót hækkandi sól, sól, sól,
og sjáum hana þíða allt er kól, kól, kól,
:/: sjá vætlurnar streyma
og vetrinum gleyma,
því vorið er komið með sól, sól, sól. :/:

Ó, heill sé þér, bráðláta vor, vor, vor.
Velkomið að greikka okkar spor, spor, spor,
:/: því ærsl þín og læti
og ólgandi kæti
er æskunnar paradís vor, vor, vor. :/:

Og hjörtu´okkar tíðara slá,slá, slá.
Við slöngvum deyfð og leti okkur frá, frá, frá,
og leggjum til iðin,
í leysingakliðinn
það litla sem hvert okkar má, má, má.

164. Við klöppum öll í einu

Höf. óþekk.

Við klöppum öll í einu
við klöppum öll í einu
við klöppum öll í einu
það líkar okkur best.

Við hoppum öll í einu....
Við brosum öll í einu....
Við syngjum öll í einu....
Við stöppum öll í einu....

165. Við kveikjum einu kerti á

höf. lags: E. Köhler ísl. texti: Lilja S Kristjánsdóttir

Við kveikjum einu kerti á.
Hans koma nálgast fer
sem fyrstu jóla í jötu lá
og jesúbarnið er.

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans.
Því drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.

Við kveikjum þremur kertum á
því konungs beðið er,
Þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

Við kveikjum fjórum kertum á
Brátt kemur gesturinn
og allar þjóðir þurfa að sjá
að það er frelsarinn.

166. Við skulum róa á selabát

þjóðvísa

Við skulum róa á selabát
fyrst við erum fjórir.
Það eru bæði þú og ég,
stýrimaður og stjóri.

167. Vikivakar

Lag: Valgeir Guðjónsson. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
- draumalandið himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
- mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma,
láta sig í vöku dreyma.
Sólskinsdögum síst má gleyma
- segðu engum manni hitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

A a ...
Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt!

168. Vísur Vatnsenda-Rósu

Ljóð: Skáld-Rósa Guðmundsdóttir lag: ísl, kvæðalag.

Augun mín og augun þín
ó, þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt,
þú veist hvað ég meina.

Langt er síðan sá ég hann,
sannlega fríður var hann.
Allt, sem þýða má einn mann

mest af lýðum bar hann.

Þig ég trega manna mest,
mædd af tára flóði.
Ó! að við hefðum aldrei sést
elsku vinurinn góði.

169. Vorið vill ekki koma

Pórarinn Eldjárn

Vorið vill ekki koma
því veturinn hamast enn
og bítur með bitru frosti
bæði dýr og menn.

Sumarið sefur á meðan
og safnar birtu og yl
uns vor og vetur gera
verkefnum sínum skil.

En stundum vill á því standa
að starfið verði laust
sumarið bíður og bíður
og bíður fram á haust.

170. Vorvindar glaðir

Sænskt þjóðlag. Þýðing: Helgi Valtýsson

Vorvindar glaðir, glettnir og hraðir,
geysast um löndin létt eins og börn.
Lækirnir skoppa, hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg í sæ eða tjörn.
Hjartað mitt litla hlustaðu á,
hóar nú smalinn brúninni frá.
Fossbúinn kveður, kætir og gleður,
frjálst er í fjalladal.

171. Vögguvísa

Lag: Thorbjörn Egner. Þýð: Kristján frá Djúpalæk

Dvel ég í draumahöll
og dagana lofa.
Litlar mýs um löndin öll
liggja nú og sofa.
Sígur ró á djúp og dal
dýr til hvílu ganga.
Einnig sofna skolli skal
með skottið undir vanga.

172. Ævintýri

Erl. lag / Ómar Ragnarsson

La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast
La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast

Áður þá oftast álfar og tröll
í ÆVINTÝRUM
unnu verk snjöll.
En stúlkan sem ég elska og eina kýs,
inn í líf mitt kom eins og álfadís.

La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast
La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast

Æska og yndi, ástir og víf
er ÆVINTÝRI

unaðslegt líf.
 Í framtíðinni þegar fjörið dvín,
 þá förum við til tunglsins upp á gín.

La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast
 La - la - la - la - la ÆVINTÝRI enn gerast

173. Öskudagur

höf.ó.kunn.

Á öskudegi fer ég
 með öskupoka af stað.
 Og elti menn og konur
 sem ekkert vita um það.
 Hengi svo poka
 á hinn og þennan sem ég næ
 lauma á poka, læðist burt og hlæ.
 Svo dingla þeir þarna pokarnir, pokarnir, pokarnir
 svo dingla þeir þarna pokarnir, húllum hæ.

(Lag: Við erum söngvasveinar)

174. Öxar við ána

Lag: Steingrímur Thorsteinsson. Ljóð: Helgi Helgason

Öxar við ána,
 árdags í ljóma
 upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
 Skjótum upp fána,
 skært lúðrar hljóma,
 skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
 Fram, fram, aldrei að víkja.
 Fram, fram, bæði menn og fljóð.
 Tengjumst tryggðarböndum,
 tókum saman höndum,
 stríðum, vinnum vorri þjóð.

175. Þá nýfæddur Jesús

Lag W.J.Kirkpatrick Ljóð:Björvin Jörgensen

Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá
 á jólunum fyrstu, var dýrðlegt að sjá.
 Þá sveimuðu englar frá himninum hans,
 því hann var nú fæddur í líkingu manns.

Þeir sungu halelúja með hátíðarbrag.
 Nú hlotnast guðsbörnunum friður í dag.
 Og fagnadi hirðarnir fengu að sjá,
 hvar frelsarinn okkar í jötunni lá.

176. Það á að gefa börnum brauð

Íslenskt þjóðlag. Þjóðvísa

Það á að gefa börnum brauð
 að bíta í á jólunum,
 kertaljós og klæðin rauð
 svo komist þau úr bólunum,
 :/: væna flís af feitum sauð
 sem fjalla gekk á hólunum.
 Nú er hún gamla grýla dauð
 og gafst hún upp á rólunum. :/:

177. Það búa litlir dvergar

Þýskt lag

Það búa litlir dvergar í björtum dal

á bak við fljöllin háu í skógarsal.
Byggðu hlýjan bæinn sinn
brosir þangað sólin inn
fellin endurróma allt þeirra tal.

178. Það er kominn 17. júní.

Sigurður Grétar

Blómin spring út og þau svelgja í sig sól.
Sumarið í algleymi og hálf t á enn í jóli.
Í hjarta sínu fólkið gleðst og syngur lítið lag,
því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn,
firnamikinn árvissan og stóran blómsveiginn.
Fjallkonan í múnderingu þrilar upp á pall,
með þrjáli les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik,
lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk.
Síðan líður dagurinn við hátíðannahöld,
heitar étnar pylsurnar við fjölmörg sölutjöld.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.

Um kvöldið eru allsstaðar útidansleikir,
að sunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir.
En rigningin bindur enda á þetta gleðigeim,
því gáttir opnast himins og allir fara heim

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.
Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei.
Það er kominn 17. júní.
(endurtekið að vild)

179. Það er leikur að læra

Það er leikur að læra,
leikur sá er mér kær
að vita meira og meira,
meira í dag en í gær.

Þjallan hringir við höldum
heim úr skólanum glöð,
þrúð og frjálsleg í fasi,
fram nú allir í röð.

180. Það sem ekki má

(Lagið um það sem er bannað). Lag og ljóð: Sveinbjörn I. Baldvinsson.

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti oní skurð.
Ekki fara í bæinn og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða út í sjó
og ekki fylla húfuna af snjó.
Ekki tína blómin sem eru útí beði
og ekki segja ráddi, heldur réði.

Þetta fulloröna fólk er svo skrýtið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall.
Ekki skjóta pabba með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð.
Ekki fara að hlæja þó einhver sé að detta
og ekki gera hitt og ekki þetta.

Þetta fulloröna fólk er svo skrýtið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt
það er alltaf að skamma mann.

181. Það var einn andarungi

Danskt lag. Þýð: Hildur Þorsteinsdóttir

Það var einn andarungi,
sem var að drepast úr hungri,
þar sem hann bjó, þar sem hann bjó,
fékk hann síld úr sjó, fékk hann síld úr sjó.
Honum varð svo illt í maga,
já þetta er skrýtin saga.
Hann síldina ekki vildi,
heldur bara ís og kók.

182. Það var einu inni api...

Höf. óþekkt.

Það var eini sinni api í ofsa góðu skapi
hann þoldi ekki sultinn og fékk sér banana:
Banananana - (smella tvisvar í góminn)
Banananana - (smella tvisvar í góminn)
Banananana, banananana, banananana - (smella tvisvar í góminn)

183. Þú ert

Lag: Þórarinn Guðmundsson. Texti: Gestur (Guðmundur Björnsson)

Þú ert yndið mitt yngsta' og besta,
þú ert ástarhnossið mitt nýtt.
Þú ert sólrún á suðurhæðum,
þú ert sumarblómið mitt frítt.
Þú ert ljósið, sem lifnaðir síðast,
þú ert löngunar minnar hlín.
Þú ert allt sem ég áður þráði,
þú ert ósk, -þú ert óskin mín.

184. Þú ert yndið mitt

Þórarinn Guðmundsson / Gestur

Þú ert yndið mitt yngsta og besta,
 þú ert ástarhnossið mitt nýtt,
 þú ert sólrún á suðurhæðum,
 þú ert sumarblómið mitt frítt,
 þú ert ljósið sem lifnaðir síðast,
 þú ert löngunnar minnar Hlín.
 Þú ert allt sem ég áður þráði,
 þú ert ósk, - þú ert óskin mín.

185. Þungt ymur þorrinn

Írskt lag . Ljóð: Jónas Árnason

Sestu hérna, sonur,
 sestu mér hjá
 meðan þungt ymur þorrinn
 þekjunn á.

Þungt ymur þorrinn,
 þrengir að með snjó.
 Komdu og sestu hérna, sonur.
 Þei, þei og ró.

Upp í æfistigann
 árin bera þig;
 sú kemur, kemur tíðin
 að kveður þú mig

Hvert sem leið þín liggur
 á landi eða sjó,
 sýndu óvild engum manni
 Þei, þei og ró.

Liggi lítilmagninn
 lágt í öskustó
 reisi hönd þín hann á fætur
 þei þei og ró.

Engan órétt þoldu;
 aldrei láttu þó
 þínu hjarta hatrið spilla
 þei, þei og ró.

Þungt ymur þorrinn
 þrengir að með snjó.
 Komdu og sestu hérna, sonur
 þei, þei og ró.

186. Þýtur í laufi

Lag: Aldís Ragnarsdóttir.. Ljóð: Tryggvi Þorsteinsson

Þýtur í laufi, bálið brennur.
 Blærinn hvíslar: "sofðu rótt."
 Hljóður í hafið röðull rennur,
 roðnar og býður góða nótt.
 Vaka þó ennþá vinir saman
 varðeldi hjá í fögrum dal.
 Lífið er söngur, glaumur, gaman.
 Gleðin, hún býr í fjallasal.